

# Ævintýri á gönguför

Uppgötvanir og fróðleikur fyrir börn á leikskólaaldri  
í miðborg Reykjavíkur, Breiðholti og Laugardalshverfum



Söfn - gönguleiðir - stytur - mannlíf - saga - gróður - byggingar.

Bragi Bergsson og Heiða Hrund Jack

2011-2012



Handbók þessi var unnin sem atvinnuátaksverkefni sumarið 2011. Bragi Bergsson var ráðinn til að setja upp handbókina og koma með hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að vinna með börnum í miðborginni. Framhald varð á verkefnum sumarið 2012 og var Bragi ráðin aftur ásamt Heiðu Hrund Jack landslagsarkitekt, saman unnu þau verkefni og gerðu gönguleiðir fyrir Breiðholts- og Laugardalshverfi. Verkefnisstjórar verkefnisins voru Fríða B. Jónsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir.

Frá höfundum: Okkar mestu og bestu þakkir til Hafsteins Einarssonar sem kenndi okkur og aðstoðaði við uppsetningu og umbrot í L<sup>A</sup>T<sub>E</sub>X. Einnig þakka ég <http://maps.google.com/> fyrir aðgang að kortagrunni þeirra. Verkefnahandbók þessi er í stöðugri þróun og tekur breytingum - allar ábendingar varðandi hana eru vel þegnar.

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>9</b>
<b>Mikilvægi undirbúnings og úrvinnslu</b>	<b>11</b>
Undirbúningur . . . . .	11
Upplifun í ferðalaginu og á staðnum . . . . .	13
Úrvinnsla . . . . .	15
Uppeldisfræði dauðu músarinnar . . . . .	15
<b>Miðborgin</b>	<b>17</b>
Helstu svæði . . . . .	17
Garðar og opin svæði í miðborginni . . . . .	17
Merkilegar byggingar í miðborginni . . . . .	21
Helstu styttur í miðborginni . . . . .	23
Söfn og stofnanir í borginni . . . . .	25
<b>Gula gönguleiðin</b>	<b>31</b>
<b>Rauða gönguleiðin</b>	<b>33</b>
<b>Græna gönguleiðin</b>	<b>35</b>
<b>Blá gönguleiðin</b>	<b>37</b>
<b>Fjólubláa gönguleiðin</b>	<b>39</b>
<b>Appelsínugula gönguleiðin</b>	<b>41</b>
<b>Verkefni tengd Sjóndeildarhringnum</b>	<b>43</b>
<b>Verkefni tengd kennileitum í miðborginni</b>	<b>49</b>
<b>Verkefni tengd styttum í miðborginni</b>	<b>55</b>
<b>Verkefni tengd gróðrinum í miðborginni</b>	<b>57</b>

Verkefni tengd dýralífinu í miðborginni	61
Verkefni tengd mannlífinu í miðborginni	65
Verkefni tengd húsunum í miðborginni	67
Verkefni tengd litunum á húsum og húspökum í miðborginni.	71
Verkefni tengd görðunum og torgunum í miðborginni.	75
Verkefni tengd landslaginu í miðborginni	79
<b>Breiðholt</b>	<b>83</b>
Helstu svæði í Breiðholti . . . . .	83
Garðar, opin svæði og stytur í Breiðholti . . . . .	83
Söfn, stofnanir og fyrirtæki í Breiðholti . . . . .	87
<b>Gula gönguleiðin</b>	<b>91</b>
<b>Rauða gönguleiðin</b>	<b>93</b>
<b>Græna gönguleiðin</b>	<b>95</b>
<b>Bláa gönguleiðin</b>	<b>97</b>
<b>Appelsínugula gönguleiðin</b>	<b>99</b>
Verkefni tengd heimsóknum í fyrirtæki í Breiðholti	101
Verkefni tengd sögunni í Breiðholti	103
Verkefni tengd umhverfi og landslagi í Breiðholti	107
Verkefni tengd mismunandi húsagerðum í Breiðholti	111
Verkefni tengd yfirsýn og útsýni í Breiðholti	113
Verkefni tengd vatninu og orkunni í Breiðholti	117
Verkefni tengd gróðrinum og skóginum í Breiðholti	121
Fjölnota gönguleið í Breiðholtinu	125

<b>Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>129</b>
Helstu svæði í Laugardals- og Langholtshverfi . . . . .	129
Garðar og opin svæði í Laugardalshverfunum . . . . .	129
Styttur í Laugardalshverfunum . . . . .	131
Merkilegar byggingar í Laugardals- og Langholtshverfi . . . . .	133
Söfn og stofnanir í Laugardals- og Langholtshverfi . . . . .	137
Áhugaverð fyrirtæki í Laugardals- og Langholtshverfi . . . . .	139
<b>Gula gönguleiðin</b>	<b>141</b>
<b>Rauða gönguleiðin</b>	<b>143</b>
<b>Græna gönguleiðin</b>	<b>145</b>
<b>Bláa gönguleiðin</b>	<b>147</b>
<b>Appelsínugula gönguleiðin</b>	<b>149</b>
<b>Fjólubláa gönguleiðin</b>	<b>151</b>
<b>Verkefni tengd heimsóknum í fyrirtæki í Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>153</b>
<b>Verkefni tengd kennileitum í Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>155</b>
<b>Verkefni tengd gróðri í Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>161</b>
<b>Verkefni tengd stytum í Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>167</b>
<b>Verkefni tengd mannlífinu í Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>169</b>
<b>Verkefni tengd byggingum í Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>173</b>
<b>Verkefni tengd sjóndeildarhringnum í Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>175</b>
<b>Verkefni tengd dýralífinu í Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>179</b>
<b>Verkefni tengd yfirborðsefnum í Laugardals- og Langholtshverfi</b>	<b>183</b>





Mynd 1: Hljómskálagarðurinn



Mynd 2: Hallargarðurinn



# Inngangur

Tilgangur handbókarinnar er að gefa starfsfólki leikskóla hugmyndir að verkefnum og ferðum í miðborg Reykjavíkur. Foreldrar, kennarar og aðrir uppalendur geta einnig nýtt sér þær hugmyndir sem hér er að finna. Verkefnistillögurnar sem settar eru fram í þessari handbók eru eingöngu hugsaðar sem kveikjur eða innblástur að frekari hugmyndum. Þannig er vonast til að fleiri og betri verkefni geti orðið til út frá þessari handbók. Á leikskólum borgarinnar starfar fag- og hugsjónafólk sem býr yfir mikilli þekkingu á öllu því sem viðkemur börnum á leikskólaaldri. Þekking þeirra er ómetanleg og eru allir sem áhuga hafa á að bæta þessa handbók hvattir til að setja sig í samband við verkefnisstjóra hennar. Allar ábendingar um ný verkefni sem gætu virkað betur eða lagfæringar á þeim sem hér eru lögð til, eru mjög vel þegnar.

Gerðar eru tillögur að gönguleiðum um miðborgina. Ekki er nauðsynlegt að fylgja þeim fast eftir og oft á tíðum er hægt að blanda þeim saman. Í gönguferðum um miðborgina verða allir að kunna að halda hópinn og fylgja reglum í einu og öllu. Hafa verður varann á þegar gengið er með börn um miðborgina og gæta að umferðinni, þar sem margir ökumenn keyra ógætilega. Öryggi barnanna var haft í huga þegar tillögur að gönguleiðum voru gerðar, t.d. er ekki mælt með því að mikið sé gengið um hafnarsvæðið með barnahópa. Þeir leikskólar sem eru fyrir utan miðborgina þurfa að nota strætisvagna til að ferðast í miðborgina. Á síðunni <http://www.bus.is> er hægt að finna bestu leiðina og tímasetningar. Heppilegustu stoppistöðvar strætó í miðborginni eru við Lækjartorg og í Lækjargötu við MR. Biðstöðvar við Hverfisgötu og Fríkirkjuveg eru mjög óheppilegar ef stór barnahópur þarf að bíða eftir strætó.

Það er hægt að ferðast um miðborgina í öllum veðrum og á öllum árstímum. Ef veðrið er afleitt er hægt að fá að koma með barnahópa inn í Ráðhúsið við Tjörnina. Þar er hægt að hafa nestistíma og komast á klósettið. Hið sama er í boði hjá Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. Það eina sem þarf að gera er að hafa samband við umsjónarmenn húsanna og biðja um leyfi. Síminn hjá Ráðhúsinu er 411-0000 og umsjónarmaður eða húsvörður veitir leyfi. Síminn hjá Borgarbókasafninu er 411-6100 og þar þarf einnig að biðja um húsvörð.

Í verkefnistillögunum hér á eftir er oft mælt með því að myndavél sé höfð með í för og að börnunum sé leyft að nota hana. Börnin vita að myndavélar eru dýr tæki og fara varlega með þær. Á myndunum þeirra sér maður svo sannarlega heiminn með augum barnanna. Rétt er að benda á að margar af verkefnistillögunum sem hér fara á eftir má útfæra í svipaðri mynd í þeim hverfum sem leikskólarnir eru staðsettir í.



Mynd 3: Tjörnin



Mynd 4: Hljómskálagarðurinn

# Mikilvægi undirbúnings og úrvinnslu

Flestir sem vinna í leikskóla og skipuleggja ferðir fyrir leikskólabörn, hafa lent í því að þær hafi ekki alltaf gengið að óskum margra hluta vegna. Stundum eru þeir sem taka á móti hópnum illa undirbúnir og vita ekki að von er á börnunum, börnin eru áhugalaus, hópurinn missir af strætó eða annað í þeim dúr. Árangursrík og gleðileg ferð krefst undirbúnings, markmiðin þurfa að vera skýr og eiga í öllum tilvikum að snúast um að gleðja, fræða og vekja áhuga barnanna sem eru að fara í ferðalag.

Líklegt er að börn, sem taka þátt í að undirbúa ferð eða fá góðar upplýsingar um það sem í vændum, verði áhugasamari og virkari þegar komið er á áfangastað en mikilvægt er að þau njóti ferðarinnar í heild. Úrvinnsla eftir ferðina er ekki síður nauðsynleg, bæði fyrir börnin og starfsfólkið. Endurlit og endurupplifun eru næstu stig á eftir endurtekningu, sem börnum er svo edlislæg um leið og þau læra nýja hluti.

Hér á eftir verður stiklað á því helsta sem felst í þessum þremur meginþáttum, undirbúningi, upplifun og úrvinnslu þegar farið er í ævintýraferðir með leikskólabörnum um miðborg Reykjavíkur. Síðar í handbókinni eru settar fram tillögur að verkefnum þar sem gefin eru dæmi um það hvernig hægt er að útfæra hvern þátt sérstaklega.

## Undirbúningur

Í upphafi þarf að setja sér stefnu og ákveða hvert á að halda? Hvað ætlum við að læra í ferðinni og hvað ætlum við að fá út úr henni eða hvað vitum við um það sem við erum að fara að sjá? Dæmi um markmið getur verið; að skoða fuglana á Tjörninni og sjá hvað þeir eru mismunandi, finna útilistaverk í bænum og sjá hvað þau eru ólík, skoða húsin í bænum og sjá hvernig þökin eru máluð í allskonar litum eða skoða mannlífið til að átta okkur á hve mismunandi við erum, stór og lítil, ung og gömul, brún og dökkbrún, konur og karlar, erlendir og innlendir ferðamenn o.s.frv.

Sá sem undirbýr ferðina þarf að hafa samband við þá staði sem ætlunin er að heimsækja. Mikilvægt er að gera það með góðum fyrirvara, því vel getur verið að ekki sé jafn hentugt að taka á móti hópnum alla daga.

Athuga þarf hvernig hópurinn kemst á áfangastað. Er best að taka strætó, rútu eða ganga? Það er nauðsynlegt að kanna hvar strætó stoppar og hvernig áætlun hans er. Einnig er mjög mikilvægt að ferðast ekki með of stóran hóp barna í hverri ferð, sérstaklega í strætóferðum. Ef allur leikskólinn er að fara í ferðalag, þá er ekki hentugt



Mynd 5: Hallargarðurinn



Mynd 6: Hljómskálagarðurinn

að allir fari á sama tíma í strætó. Best er að skipta hópnum upp í minni hópa og leggja af stað á ólíkum tíma. Kortér eða hálf tími á milli ferða getur gert gæfumuninn bæði fyrir starfsfólk og börn, en einnig fyrir strætóbílstjórann og hina farþegana sem nota strætisvagninn.

Ekkert er þó mikilvægara en að undirbúa börnin fyrir ferðina. Það getur verið gaman fyrir börn að fara í óvissuferð, en óvissuferðin verður að hafa einhvern tilgang. Þá verður að hafa í huga að börn eru oftast í nokkurri óvissu með margt, því ákvarðanir eru yfirleitt teknar eru af okkur fullorðna fólkinu. Það er mun betra og vænlegra til árangurs ef börnin fá að taka þátt í að undirbúa og jafnvel skipuleggja ferðina. Þó að það sé ekki gert, þá er mikilvægt að þau viti tímanlega af ferðinni og séu vel undirbúin. Það er hægt að gera með samræðum um það sem ætlunin er að gera í ferðinni, finna leiðina og áhugaverða staði á netinu, skoða myndir af leiðinni og áfangastaðnum eða tengja reynslu barnanna við fyrirhugaða ferð því hugsanlega hefur eitthvert barnanna farið þangað og getur miðlað af reynslu sinni og þekkingu.

Það getur verið mjög árangursríkt ef börnin vinna eitthvað verkefni tengt ferðinni áður en farið er í hana. Gaman getur verið að teikna myndir af einhverju sem tengist ferðalaginu og endurtaka það þegar búíð er að fara í ferðina. Mismunurinn er oft sláandi mikill! Einnig getur verið mjög árangursríkt að nota könnunaraðferðina í tengslum við ferðir en ýmis skemmtileg dæmi um hana má sjá á slóðinni: <http://www.projectapproach.org/>

Góður undirbúningur starfsmanna og barna er lykillinn að vel heppnaðri, ánægjulegri og lærdómsríkri ferð. Enn fremur er mikilvægt að foreldrar barnanna séu upplýstir um ferðina og þá vinnu sem fram fer í tengslum við hana.

## Upplifun í ferðalaginu og á staðnum

Þegar á áfangastað er komið er gott að benda strax á og ræða um kennileiti eða annað sem fjallað var um í undirbúningnum. Þetta getur verið eitthvað mjög augljóst eins og Hallgrímskirkjuturn, styttnan af Jóni Sigurðssyni eða Hljómskálinn eða þá eitthvað sem börnin sjálf uppgötva og þykir merkilegt. En hversu augljóst sem það kann að vera þá er mikilvægt að benda á það, stoppa við það og fjalla um það, þannig að öll börnin átti sig á því að þau eru komin á áfangastað og taki þátt í að njóta þess sem þar er að finna.

Gaman getur verið að taka með skissubækur, myndavélar, upptökuvélar eða annað sem börnin geta nýtt til að skrá niður markverðar upplifanir úr ferðinni og gera hana þannig minnisstæðari en verið getur að börnin upplifi áfangastaðinn hvert á sinn hátt og geti þannig miðlað sínum uppgötvunum og hugmyndum hvert til annars.



Mynd 7: Dauða músin!

## Úrvinnsla

Hægt er að vinna úr ferðinni strax og heim er komið eða síðar. Í samverustund eða verkefnavinnu er hægt að minnst á ferðina og rifja upp hvað var gert. Ef myndir hafa verið teknar er hægt að skoða þær í tölvu eða prenta út og ræða um upplifun barnanna, hvað var markverðast o.s.frv. en slík samræða um reynslu og upplifun er um leið góð málörvun og orðaforðakennsla. Hægt er að rifja upp minnistæða hluti eins og: „munið þið eftir einhverju grænu úr ferðinni“; „hittum við einhvern skemmtilegan“, „hvaða dýr sáuð við“; „lærðum við eitthvað nýtt“ o.s.v.frv.

Einnig er gaman að tengja reynslu barnanna og minningar úr vettvangsferðum inn í starf leikskólans og leikinn með því að nota efniviðinn sem er til staðar í leikskólanum. Það er hægt að byggja Hallgrímskirkjuturn úr hollowblocks eða einingarkubbum, teikna mynd af fuglunum á Tjörninni eða litskrúðugu húspökunum í Þingholtunum. Einnig er hægt að gera leikrit um ferðina, búa til sögu eða myndabók, gera myndband, stuttmynd, móta stytur í leir eftir fyrirmyndum af stytum í borginni og svo mætti lengi telja.

## Uppeldisfræði dauðu músarinnar

Gaman er að skoða söguna af Uppeldisfræði dauðu músarinnar og bera hana saman við þessa þrjá meginþætti sem hér hafa verið til umfjöllunar. Sagan fjallar um kennarann sem undirbýr ferð með börnunum út í skóg. Kennarinn hefur undirbúið sig og börnin mjög vel, fjallað um árstíðirnar og haustið, rætt um litina á laufblöðunum og mismunandi tré og gróður. Búið er að ákveða gönguleið með endastöð í ákveðnum lundi, þar sem á að borða nestið og þess háttar. Kennarinn og börnin leggja af stað og allt gengur vel þar til eitt barnið uppgötvar dauða mús á göngustígnum!

Hvað gerir kennarinn við þessa uppgötvun barnsins?

Hann getur sagt: „Já, já svona gerist stundum. Höldum nú áfram svo við verðum ekki sein í lundinn. Af stað allir saman nú!“

Eða hann getur verið opinn fyrir því að skoða þessa uppgötvun betur. Leyft öllum að skoða þetta merkilega fyrirbrigði sem dauð mús getur verið í augum barna.

Í hnotskurn þá gengur Uppeldisfræði dauðu músarinnar út á það að vera sveigjanlegur og opinn fyrir breytingum, hafa svigrúm til að víkja frá fyrirfram ákveðnu skipulagi þegar börnin sjálf uppgötva eitthvað sem þeim finnst merkilegt. Þó að kennarinn sé með skýrt markmið og vel undirbúinn, þá getur ýmislegt gerst á leiðinni sem börnin þurfa að fá að uppgötva og skoða. Þá þarf e.t.v. að geyma til betri tíma að skoða það sem upprunalega átti að skoða.



Mynd 8: Mæðragarðurinn



Mynd 9: Bringan



# Miðborgin

## Helstu svæði

Miðborg Reykjavíkur er mjög fjölbreytt. Helstu svæði hennar eru Kvosin, Höfnin, Tjörn-in, Grjótaþorpið og Þingholtin (eða Skólavörðuholt). Í miðborginni er iðandi mannlíf, því þangað eiga margir borgarbúar erindi og þangað koma margir útlendir ferðamenn sem heimsækja Ísland. Þar er líka mikið fuglalíf, því þar er stór tjörn og þar má gefa fuglunum brauð. Í miðborginni eru fjölmargar stytur og mörg kennileiti. Miðborgin er ekki flöt eins og pönnukaka, heldur er hún byggð á hæðum og frá þeim er oft mikið útsýni. Í miðborginni er líka mikið af ýmiskonar trjám, runnum og blómum. Þar eru torg, garðar og útilistaverk og þar eru líka mörg hús, bæði gömul hús og ný.

Elsti hluti Reykjavíkur er Kvosin. Kvos merkir dalverpi eða lægð á milli tveggja hæða (í þessu tilviki á milli Landakotshæðar og Skólavörðuholts). Elsta gatan í Kvosinni er Aðalstræti sem upphaflega lá upp frá fjörunni. Við enda þeirrar götu er talið að Ingólfur Arnarson hafi reist bæ sinn. Þar hefur nú fundist bæjartóft frá landnámsöld, sem hægt er að skoða á sýningunni 874+-2. Afkomendur Ingólfs gengu norður Aðalstræti niður að sjó þar sem þeir geymdu bátana sína, þar er nú Reykjavíkurhöfn. Í brekkunni fyrir ofan þar sem nú er Grjótaþorp, ræktuðu þeir um tíma grænmetið sitt, en seinna var þar reistur bær sem nefndur var Grjóti. Austan megin við bæinn var stórt tún eða völlum sem var nefndur Austurvöllum. Hann er ennþá til í dag, en hefur verið minnkaður talsvert og á honum reist stytta af sjálfstæðishetjunni Jóni Sigurðssyni. Þegar farið var suður á Mela eða út í Skerjafjörð var gengið eftir Suðurgötunni (Ingólfur og afkomendur hans bjuggu því til mörg kennileiti þegar þau settust að í Reykjavík fyrir þúsund árum síðan).

## Garðar og opin svæði í miðborginni

**Arnarhóll** ● er stór hóll við hliðina á stjórnarráðinu. Þar eru oft haldnir útitónleikar t.d. á 17 júní. Þar er stytta af Ingólfi Arnarsyni. Þar er líka gaman að renna í snjónum á veturnar. Þar er leikvöllur og líka skrýtnar tjarnir hjá Seðlabankanum – en hann er eiginlega eins og virki. Í kringum Arnarhól er einnig að finna merkilegar byggingar eins og t.d. tónlistarhúsið í Reykjavík sem heitir Harpa. Frá Arnarhóli er gott útsýni yfir Reykjavík, t.d. sést í Hallgrímskirkjuturn og Landakotskirkjuturn og yfir á Lækjartorg. Á Arnarhóli geta börnin fengið að leika örlítið frjáls og þar



Mynd 10: Hallargarðurinn



Mynd 11: Hljómskálinn í Hljómskálagarði

er tilvalið að borða nestið sitt eða fara í leiki.

**Austurvöllur** ● er eitt elsta kennileiti í Reykjavík og fyrsta almenningssvæðið á Íslandi, því þegar Reykjavík var að stækka og byggjast upp, var ákveðið að byggja ekki hús á Austurvelli. Þar er stytta af Jóni Sigurðssyni sem barðist fyrir því að Íslendingar yrðu sjálfstæð þjóð í stað þess að tilheyra danska konungrikinu. Mörg merkileg hús eru byggð í kringum Austurvöll s.s. eins og Alþingishúsið. Þegar það er sól og gott veður fyllist Austurvöllur af fólki sem er að sýna sig og sjá aðra og þar er oft ys og þys. Það er því ekki mjög heppilegt að vera þar lengi með stóran barnahóp.

**Alþingisgarðurinn** ● er hálfgerður leynigarður, því fáir vita að maður má fara inn í hann og dvelja þar í friði og ró. Þetta er fyrsti garður á Íslandi sem er gerður til að njóta gróðursins og kyrrðarinnar – fyrsti garður gerður til þýðis og yndis. Í kringum hann er hár veggur, sem var gerður til þess að búa til skjól fyrir trén og til að fyrirbyggja að kindur og unglingar myndu skemma gróðurinn í garðinum. Maðurinn sem ræktaði garðinn hét Tryggvi Gunnarsson, honum leið svo vel í garðinum að hann lét jarðsetja sig þar. Í garðinum er ágætt að dvelja með lítinn barnahóp og þar má setjast niður og ræða um ýmislegt eða borða nestið sitt.

**Víkurgarður** ● ● Þar stendur stytta af Skúla fógeta sem var merkilegur maður og fæddist árið 1711. Skúli stóð m.a. fyrir útflutningi og sölu á þúsundum ullarsokka og ullarvettlinga sem Íslendingar þrjónuðu. Í garðinum stóð lengi kirkja og var garðurinn einu sinni kirkjugarður. Margir ganga í gegnum garðinn og sumir eru þar langdvölum! Inn í garðinn má komast úr mörgum áttum og því er ekki heppilegt að staldra þar lengi við með barnahópinn.

**Hallargarðurinn** ● er við Fríkirkjuveg. Í honum stendur stórt og fallett hús sem mörgum finnst næstum því vera eins höll. Þar var einu sinni gosbrunnur sem mörg börn léku sér við og sulluðu í. Ofarlega í garðinum er hallandi grasflöt þar sem tilvalið er að setjast með barnahópinn og borða nesti og fara í leiki. Einnig er gömul hestarétt þar hjá með steyptum veggjum (á bak við húsið), þar sem er tilvalið að leika sér.

**Hljómskálagarður** ● ● heitir eftir litlu húsi þar sem Lúðrasveit Reykjavíkur æfir sig að spila. Garðurinn er stór og gróðurmikill. Þar er líka syðri endi Tjarnarinnar og þar er hægt að skoða margar tegundir af fuglum. Einnig er gosbrunnur í Tjörninni. Á leiksvæðinu er mjög gott að fara í leiki með börnunum, borða nesti og leyfa þeim að hlaupa frjálsum um svæðið. Gaman er að þríla og ganga um steinabeðið. Garðurinn er mjög heppilegur til þess að dvelja með barnahóp.

**Einarsgarður** ● heitir eftir einum helsta garðyrkjumanni á Íslandi. Þar var eitt sinn gróðrarstöð og eru sum trjáanna í garðinum um 100 ára gömul. Garðurinn er vel



Mynd 12: Einarsgarður



Mynd 13: Austurvöllur

afgirtur og snýr á móti suðri. Eftir að Hringbrautin var færð hefur andrúmsloftið í garðinum batnað til mikilla muna. Þar er tilvalið að hafa nestistíma, spjalla saman eða fara í leiki.

**Bakarabrekka** ● er brekkan sem liggur upp frá Lækjargötu við enda Austurstrætis. Ástæða þess að hún kallast Bakarabrekkan er að í timburhúsunum fyrir ofan var eitt sinn rekið bakarí – Bernhöftsbakarí. Í Bakarabrekkunni er nú risastórt taflborð og stundum eru notaðir á því sérstakir taflmenn. Ef einhver kann að tefla þá geta börnin leikið taflmenn. Þarna er líka að finna styttuna af Vatnsberanum eftir Ásmund Sveinsson en hún var flutt þangað sumarið 2011. Garðurinn við útitaflíð getur verið hentugur til þess að staldar við, en hafa verður í huga að umferðarniður frá Lækjargötu og Bankastræti er þó nokkur og svæðið er ekki afgirt.

**Mæðragarðurinn** ●●●● er fyrsti garðurinn sem er gerður fyrir börn og mæður þeirra. Þar er að finna styttuna Móðurást. Garðinum hefur verið breytt mikið frá því að mæður fóru með börn sín í hann. Þá var hann stærri og í kringum hann var mikil steinsteypt girðing. Það er hægt að setjast þar niður með börnin, t.d. í grasið, en aðstæður þar eru oft ekki fýsilegar til þess!

**Ingólfstorg og Lækjartorg** ● eru tilvalin torg til þess að staldra við og skoða mannlífið í borginni. Bekkir eru á báðum torgunum og frá þeim geta börnin t.d. fylgst með fólki sem gengur yfir torgið. Ingólfstorg er mun öruggari staður fyrir barnahóp úr leikskóla, en þrátt fyrir það er hvortugt torgið hentugt til langdvalar fyrir börnin.

## Merkilegar byggingar í miðborginni

Hér er að neðan er listi yfir helstu byggingar í miðborginni og byggingarár þeirra. Bókin Byggingarlist í augnhæð, eftir Guju Dögg Hauksdóttur er sérstaklega áhugaverð bók sem er skrifuð fyrir börn. Þar er að finna margar skemmtilegar hugmyndir að verkefnum sem tengjast byggingum og húsum, ásamt greinargóðum texta um viðfangsefnið. Nánari upplýsingar um byggingar og fleira í Reykjavík má finna á netinu: <sup>12</sup>.

- Hallgrímskirkja. 1936-1986. ●●
- Landakotskirkja. 1925-1929. ●●
- Dómkirkjan. 1787-1796, 1847-1848. ●
- Ráðhúsið. 1987-1992 ●●●
- Alþingishúsið. 1879-1881. ●
- Stjórnarráðið. 1759-1770. ●

<sup>1</sup>[http://www.nat.is/travelguide/ahugav\\_st\\_reykjavik.htm](http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_reykjavik.htm)

<sup>2</sup>[http://www.nat.is/travelguide/ahugav\\_st\\_reykjavik\\_meira.htm](http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_reykjavik_meira.htm)



Mynd 14: Járnsmiðurinn á Bringunni.



Mynd 15: Móðurást í Mæðragarðinum.

- Hótel Borg. 1928-1930. ●
- Apótekið. 1916-1917. ●
- Harpan. 2007-2011 ●
- Landsbankinn. 1896-1899, 1922, 1938-1940 ●
- Seðlabankinn. 1980-1987. ●
- Hæstiréttur. 1993-1996. ●
- Héraðsdómur. 1904-1906, 1962. ●
- Gömul hús í Grjótaþorpi. ● Flest húsin eru timburhús sem eru byggð á síðari hluta 19. aldar. En þar má líka finna steinbæ og steinsteypt hús frá 20. öld.
- Gömul hús í Þingholtunum. ● ● Fjölmörg timburhús frá byrjun 20. aldar ásamt mörgum steinsteyptum 20. aldar húsum.

## Helstu styttur í miðborginni<sup>3</sup>

Hér er að finna helstu styttur sem finna má í miðborginni. Þær eru þó mun fleiri og upplýsingar um þær eru á vefslóðinni [www.utilistaverk.is](http://www.utilistaverk.is)

**Móðurást** ●●●● í Mæðragarðinum eftir Nínu Sæmundsson – 1930.

**Andlit sólar** ●●●● fyrir framan M.R. eftir Ásmund Sveinsson - 1961.

**Fríðrik og drengurinn** ●● í Bakarabrekkunni eftir Sigurjón Ólafsson - 1955.

**Hannes Hafsteinn** ● hjá Stjórnarráðinu eftir Einar Jónsson – 1931.

**Kristján IX** ● hjá Stjórnarráðinu eftir Einar Jónsson - 1915.

**Ingólfur Arnarson** ● á Arnarhóli eftir Einar Jónsson - 1924.

**Jón Sigurðsson** ● á Austurvelli eftir Einar Jónsson – 1931.

**Skúli Fógeti** ●● í Víkurgarði Guðmundur Einarsson – 1952.

**Ólafur Thors** ● við Tjörnina/Tjarnargötu eftir Sigurjón Ólafsson – 1968.

**Tómas Guðmundsson** ● á bekk við Tjörnina eftir Höllu Gunnarsdóttur - 2010.

**Úr álögum** ● við Tjörnina/Skothúsveg eftir Einar Jónsson – 1987.

**Maður og kona** ●● við Tjörnina/Bjarkargata eftir Tove Ólafsson – 1948.

**Á heimleið** ●● í Hljómskálagarðinum eftir Gunnfríði Jónsdóttur – 1964.

**Jónas Hallgrímsson** ●● í Hljómskálagarðinum eftir Einar Jónsson – 1905.

**Thorvaldsen** ●● í Hljómskálagarðinum eftir Bertel Thorvaldsen – 1875.

**Adonis** ● í Hallargarðinum eftir Bertel Thorvaldsen – 1974.

**Piltur og stúlka** ● í Hallargarðinum eftir Ásmund Sveinsson – 1931.

**Stúlkumynd** ● við Kvennaskólann eftir Ólöfu Pálsdóttur – 1964.

---

<sup>3</sup><http://www.utilistaverk.is>



Mynd 16: Leifur heppni fyrir framan Hallgrímskirkju.



- Víkingur** ● við Listasafn Íslands eftir Sigurjón Ólafsson – 1956.  
**Fótboltamaður** ● við Listasafn Íslands eftir Sigurjón Ólafsson – 1987.  
**Leifur heppni** ● ● á Skólavörðuholti eftir A.S. Calder – 1932.  
**Járnsmiðurinn** ● í Bringunni eftir Ásmund Sveinsson – 1955.  
**Pomona** ● í Einarsgarði eftir Johannes C. Bjerg – 1952.  
**Stóð (hestar)** ● ● við Hringbraut eftir Ragnar Kjartansson - 1972.

## Söfn og stofnanir í miðborginni

### Ráðhúsið við Tjörnina

- Útsýni út á Tjörnina.
- Rúmgott.
- Íslandskort.
- Salernisaðstaða
- Sérkennilegt hús.
- <http://www.reykjavik.is/>

### Borgarbókasafn Reykjavíkur í Tryggvagötu - Grófarhúsi

- Nestisaðstaða
- Hægt að lesa fyrir börnin eða sýna þeim myndir.
- Salernisaðstaða
- <http://www.borgarbokasafn.is/>

### Ljósmyndasafn Reykjavíkur í Tryggvagötu - Grófarhúsi

- Safnakennsla fyrir öll skólastigin.
- Fjölbreyttar ljósmyndasýningar
- Salernisaðstaða og nestisaðstaða á 1 hæð.
- <http://www.ljosmyndasafnreykjavikur.is/>

### Listasafn Reykjavíkur í Tryggvagötu

- Safnakennsla fyrir öll skólastigin.
- Fjölbreyttar myndlistarsýningar
- Salernisaðstaða
- <http://www.listasafnreykjavikur.is/>



Mynd 17: Jónas Hallgrímsson í Hljómskálagarðinum.

### **Listasafn Íslands við Fríkirkjuveg**

- Safnakennsla fyrir öll skólastigin.
- Fjölbreyttar myndlistarsýningar
- Salernisaðstaða
- <http://www listasafn.is/>

### **Listasafn Einars Jónssonar á Skólavörðuholti**

- Safnakennsla fyrir öll skólastigin.
- Sérkennilegt hús.
- Höggmyndagarður
- Salernisaðstaða
- <http://www.skulptur.is/>

### **Þjóðminjasafn Íslands við Suðurgötu**

- Safnakennsla fyrir öll skólastigin.
- Sérkennilegt hús.
- Salernisaðstaða
- <http://www.thjodminjasafn.is/>

### **Lögreglustöðin við Hverfisgötu**

- Taka á móti hópum frá öllum skólastigum.
- Skoða lögreglustöðina, bílana og hjólin
- [http://logreglan.is/default.asp?cat\\_id=73](http://logreglan.is/default.asp?cat_id=73)

### **874+-2 Landnámssýningin í Aðalstræti**

- Safnakennsla fyrir öll skólastigin.
- Ofan í kjallara
- Salernisaðstaða
- <http://www.minjasafnreykjavikur.is/>

### **Víkin Sjóminjasafn Reykjavíkur við Grandagarð**


- Safnakennsla fyrir öll skólastigin.
- Varðskipið Óðinn
- Salernisaðstaða
- <http://www.sjominjasafn.is/>



Mynd 18: Pomona í Einarsgarði.

## **Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu**


- Safnakennsla fyrir öll skólastigin.
- Sérkennilegt hús.
- Salernisaðstaða
- <http://www.thjodmenning.is/>



Mynd 19: Gula gönguleiðin

## ● Gula gönguleiðin

- Leiðin hefst á horni Hofsvallagötu og Túngötu (strætóleið nr. 13).
- Gengið í átt að Landakotskirkju og kirkjan skoðuð.
- Gengið um túnið við kirkjuna og að leiksvæðinu.
- Komið er út á Hávallagötu og gengið niður Blómvallagötu.
- Við Blómvallagötu 11 (ská á móti Kjötborg) er gengið um undirgöng og inn í bakgarð.
- Gengið er út úr bakgarðinum og um önnur undirgöng og þá er komið að Kirkjugarðinum við Suðurgötu.
- Gengið um Kirkjugarðinn.
- Komið út úr Kirkjugarðinum og gengið niður Skothúsveg.
- Gengið niður Skothúsveg og farið inn í Hljómskálagarð við Bjarkargötu eða gengið yfir brúna og farið inn í Hljómskálagarð við Hljómskála.
- Gengið um Hljómskálagarðinn að leiktækjunum.
- Nesti og leikur í Hljómskálagarðinum.
- Gengið upp og yfir göngubrúna og að strætóstoppistöð við BSÍ.




Mynd 20: Rauða gönguleiðin



# ● Rauða gönguleiðin

- Leiðin hefst á Gömlu Hringbraut við BSÍ (margar strætóleiðir stoppa þar).
- Gengið í gegn um Einarsgarð.
- Gengið úr Einarsgarði upp Barónsstíg.
- Gengið er inn Mímisveg og upp að Eiríksgötu.
- Komið að Hallgrímskirkju. Hún skoðuð.
- Gengið niður Njarðargötu meðfram Höggmyndagarði við Listasafn Einars Jónssonar.
- Farið í Höggmyndagarðinn, inngangur frá Freyjugötu.
- Gengið um garðinn og verkin skoðuð.
- Farið úr garðinum og gengið niður Freyjugötu.
- Gengið niður Haðarstíg.
- Gengið niður Bragagötu alveg niður að Sóleyjargötu.
- Farið inn í Hljómskálagarðinn.
- Gengið um Hljómskálagarðinn að leiktækjunum.
- Nesti og leikur í Hljómskálagarðinum.
- Gengið upp og yfir göngubrúna og að strætóstoppistöð við BSÍ.

Skemmtilegt getur verið að tengja götuheiti við goðafræðina en margar götur heita í höfuðið á norrænum goðum s.s. eins og: Freyjugata: Freyja var frjósemisgyðjan. Njarðargata: Njörður var guð hafsins. Haðarstíður: Höður var blindur guð sem drap Baldur óvart. Bragagata: Bragi var guð ræðusnilli og skáldskapar. Baldursgata: Allir dáðu guðinn Baldur.




Mynd 21: Græna gönguleiðin

## ● Græna gönguleiðin

- Leiðin hefst við Snorrabraut í almenningsgarði sem nefnist Bringan (strætóleiðir 14, 15, 18, 19).
- Gengið í gegnum Bringuna og styttn af Járnsmiðnum skoðuð.
- Gengið upp Leifsgötu. Gatan er nefnd eftir Leifi Eiríkssyni, Leifi heppna, sem sigldi til Ameríku fyrstur evrópskra manna. Stytta af honum stendur fyrir framan Hallgrímskirkju.
- Komið að Hallgrímskirkju og hún skoðuð.
- Gengið niður Lokastíginn.
- Gengið niður Þórsgötu.
- Gengið niður Bjargarstíg og áfram niður Skálholtsstíg.
- Gengið inn Laufásveg.
- Gengið niður með Miðbæjarskólanum og komið í Mæðragarðinn.
- Dvalið í Mæðragarðinum.
- Gengið að strætóstoppistöð við MR.


Eins og á rauðu gönguleiðinni getur verið skemmtilegt að tengja götuheiti við goðafræðina en margar götur heita í höfuðið á norrænum goðum s.s. eins og: Lokastígur: guðinn Loki var hrekkjalómur sem var alltaf að lenda í klandri. Þórsgata: Þór var hálfbróðir Loka, hann var þrumuguð og átti stórann hamar sem hét Þórshamar.



Mynd 22: Bláa gönguleiðin

## ● Bláa gönguleiðin

- Leiðin hefst á horni Hofsvallagötu og Túngötu. (strætóleið nr. 13)
- Gengið í átt að Landakotskirkju og kirkjan skoðuð.
- Gengið niður Ægisgötu og inn Öldugötu eða Bárugötu. Allar göturnar hér draga nafn sitt af sjónum.
- Frá Garðastræti er gengið inn í Grjótaþorp um Fishersund.
- Gengið er í gegnum Grjótaþorpið um Mjóstræti.
- Gengið í gegnum andrými/leikvöll yfir á Grjótagötu.
- Gengið niður Grjótagötu að Aðalstræti.
- Sýningin Reykjavík 874+-2.
- Farið inn í Víkurgarð.
- Gengið út Tjarnargötu og að Ráðhúsi.
- Farið inn í Ráðhús.
- Farið úr Ráðhúsi yfir brúna í átt að Iðnó.
- Gengið fram hjá Iðnó og yfir Lækjargötuna.
- Komið í Mæðragarðinn.
- Gengið á strætóstoppistöð við MR.




Mynd 23: Fjólubláa gönguleiðin

# ● Fjólubláa gönguleiðin

- Leiðin hefst við MR.
- Farið er inn í almenningsgarðinn í Bakarabrekkunni fyrir neðan Bernhöftstorfuna. Þar er stórt útitáfl.
- Gengið yfir Bankastræti og að Stjórnarráðinu.
- Gengið yfir Lækjargötu á Lækjartorg. Hvar er þessi lækur eiginlega?
- Gengið eftir Austurstræti.
- Farið inn á Austurvöll.
- Gengið inn Vallarstræti.
- Farið inn á Ingólfstorg.
- Farið í Víkurgarð.
- Gengið eftir Kirkjustræti að Alþingishúsi.
- Farið í Alþingisgarðinn.
- Gengið niður að Tjörninni. Hægt að fara í Ráðhúsið.
- Gengið fram hjá Iðnó og yfir Lækjargötuna.
- Komið í Mæðragarðinn.
- Gengið á strætóstop pistöð við MR.

## Viðbætur við fjólubláa leiðina

Hægt er að lengja leiðina með því að ganga frá Stjórnarráðinu upp á Arnarhól.



Mynd 24: Appelsínugula gönguleiðin



# ● Appelsínugula gönguleiðin

- Leiðin hefst við MR.
- Farið í gegnum Mæðragarðinn.
- Gengið niður að Tjörninni og farið í gegnum Ráðhúsið.
- Þaðan er gengið eftir Tjarnarbakkanum.
- Framhjá styttunni af borgarskáldinu Tómasi Guðmundssyni, sem situr á bekk. (Hægt er að finna texta með ljóðum Tómasar á gluggum Ráðhússins).
- Yfir Skothúsveg og gegn um birkiskóginn fyrir neðan Bjarkargötu.
- Gengið að leik og grillsvæðinu í Hljómskálagarðinum.
- Dvalið og leikið sér í Hljómskálagarðinum.
- Gengið í átt að Hljómskálanum fram hjá styttunni af Bertel Thorvaldsen og styttunni af Jónasi Hallgrímssyni.
- Hjá Hljómskálanum er farið yfir gatnamótin og í Hallargarðinn.
- Styttan af Adonis og Piltur og stúlka skoðuð.
- Gengið í átt að Fríkirkjunni og framhjá Listasafni Íslands. Þar eru líka stytur og útilistaverk.
- Gengið framhjá Miðbæjarskólanum.
- Farið í gegnum Mæðragarðinn.
- Komið að strætóbiðstöðinni við MR.



Mynd 25: Hallgrímskirkja

# Verkefni tengd Sjóndeildarhringnum

## Undirbúningur

- Fjalla um sjóndeildarhringinn.
- Er það hringur eins og giftingarhringur?
- Hvar sjáum við sjóndeildarhringinn?
- Sjóndeildarhringurinn er þar sem himinn og jörð mætast, himinn og haf eða himinn og hús.
- Sýna myndir teknar af landslagi, í borginn og út yfir sjóinn. Fá börnin til þess að benda á sjóndeildarhringinn á myndunum.
- Öll börnin fá eina mynd helst í venjulegri myndastærð þar sem þau skoða og finna sjóndeildarhringinn á myndinni (þ.e. línuna sem myndast þar sem himinn snertir haf, jörð eða annað). Þau geta síðan teiknað sjóndeildarhringinn.
- Hvernig er sjóndeildarhringurinn á litinn og hvaða litir eru fyrir ofan og neðan sjóndeildarhringinn?

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Fara t.d. rauðu gönguleiðina.
- Þegar komið er í Einarsgarð er sniðugt að horfa milli trjáanna og út á flugvöllinn á Keili og fjöllin á Reykjanesinu. Sjáum við sjóndeildarhringinn héðan?
- Hvort göngum við upp eða niður á leiðinni frá Einarsgarði að Hallgrímskirkju?
- Hefur sjóndeildarhringurinn breyst síðan við vorum í Einarsgarði?
- Lyftan tekin upp í Hallgrímskirkjuturn. Best er að láta hópinn bíða fyrir utan á meðan fengið er leyfi fyrir því að fara með börnin í lyftuna og upp í turninn. Það kostar hugsanlega eitthvað. Heimilt er að fara með ákveðinn fjölda barna í lyftuna í einu. Betra er að vera ekki með mjög stóran barnahóp í ferðinni eða vera búin að hafa samband áður til að skipuleggja ferðina.
- Þegar upp í turninn er komið er litið til allra átta. Hvernig er sjóndeildarhringurinn búinn að breytast núna? Hvað sjáum við þegar við lítum út um gluggana.



Mynd 26: Marglit hús við Njarðargötu



Mynd 27: Við Bragagötu

- Það er ágætt að leyfa börnunum að vera nokkuð frjáls þegar þau eru nýkomin upp í turninn. Einnig er sérstakt að vera uppi í turninum þegar klukkurnar hringja, en hafa verður í huga að mörg börn eru næm fyrir hávaða, þannig að mörg þeirra grípa fyrir eyrun og geta orðið hrædd.
- Oft er rok og hávaði í turninum og því gæti verið ágætt að ræða við þau á hæðinni fyrir neðan, þar er einnig hægt að horfa út um glugga fyrir neðan „klukkurnar“.
- Frá Hallgrímskirkju er svo gengið að Höggmyndagarði Einars Jónssonar við Freyjugötu. Hugsanlega benda á Hallgrímskirkjuturn þaðan, „þarna uppi vorum við áðan.“
- Gengið niður Válastíginn og niður Bragagötu þar til komið er í Hljómskálagarðinn, þar sem er upplagt að borða nesti og fara í leiki.
- Víða úr Hljómskálagarðinum eru finir staðir til þess að benda aftur á Hallgrímskirkju og spjalla örlítið um hvernig sjóndeildarhringurinn hefur breyst síðan þar, hvernig hann er núna. Tilvalinn staður fyrir þetta er á göngustígnum upp frá Hljómskálagarðinum í átt að göngubrúnni yfir Njarðargötu, þegar haldið er heim í strætó að nýju.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Leyfa börnunum að taka mynd af „sínun“ sjóndeildarhring t.d. úr Hallgrímskirkjuturni. Seinna er svo hægt að láta börnin fá sína ljósmynd útprentaða og fá þau til að teikna sjóndeildarhringinn á myndinni sem þau tóku.
- Einnig væri hægt að láta þau taka mynd af sjóndeildarhringnum í „huganum“ og láta þau teikna hann þegar heim er komið.
- Taka eftir því hvaða litir eru í fjöllunum og himninum. Hvernig er liturinn á sjóndeildarhringnum sjálfum?. Velta fyrir sér hvernig sjóndeildarhringurinn breytist eftir því sem maður fer hærra upp.
- Horfa á sjóndeildarhringinn í gegnum glærur sem eru mismunandi á litinn.
- Hafa með nokkra tóma myndaramma og horfa í gegnum þá og ramma inn landslagið og sjóndeildarhringinn.
- Einnig gæti verið sniðugt að skoða sjóndeildarhringinn frá hólnum eða kastalanum á leikskólalóðinni og sjá hvort hann sé ekki öðruvísi þar en í ferðinni.
- Nota t.d. fjallið Keili sem sjónpunkt og athuga hvort sjóndeildarhringurinn við hann breytist frá því að á hann er horft frá Einarsgarði eða Hallgrímskirkju.
- Seinna í öðrum gönguferðum og verkefnum er svo gott að spyrja börnin hvort þau muni eftir sjóndeildarhringnum og hvort þau geti fundið hann núna?
- Ef farið er á Listasafn Íslands eða Ljósmyndasafnið, þá eru þar hugsanlega landslagsmyndir þar sem hægt er að reyna að finna sjóndeildarhringinn.



Mynd 28: Séð aftan á Hallgrímskirkju

- Við stóra Íslandskortið í Ráðhúsinu, er hægt að láta börnin horfa niður við brúnina á módelinu og skoða eitthvað ákveðið fjall, færa svo höfuðið aðeins ofar þannig að nefið eða hakan nemi við brúnina, eða standi alveg upp, þá hefur sjónarhornið víkkað og sjóndeildarhringurinn breyst, rétt eins og þegar farið var í Hallgrímskirkjurn.



Mynd 29: Arnarhóll



Mynd 30: Séð frá Arnarhóli



# Verkefni tengd kennileitum í miðborginni

## Undirbúningur

- Hvað er kennileiti?
- Hvað einkennir t.d. leikskólalóðina okkar? Þar er kastali, sandkassi, rólur og kannski hóll. Þetta eru kennileiti fyrir leikskóla því varla finnum við rólur og sandkassa á elliheimilum eða hvað?
- Fjöllin í kringum okkur eru einnig kennileiti, t.d. Esjan.
- Kennileiti eru oft föst og óhagganleg, eitthvað sem við getum treyst að verði alltaf á sama stað.
- Margir nota kennileiti til þess að rata eftir, t.d. kirkjuturn eða háhýsi sem sést víða að.
- Hús og stytur í bænum eru einnig góð kennileiti.

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Fara fjólubláu gönguleiðina ásamt viðbótinni við Arnarhól.
- Hús Menntaskólans í Reykjavík er kennileiti.
- Fyrir framan hann er einnig að finna kennileiti. Það er listaverkið Andlit sólarinnar eftir Ásmund.
- Í Bakarabrekkunni er útitaflíð. Þó að útitaflíð sjáist ekki og sé hálf partinn í felum, þá er það kennileiti vegna þess hve sérstakt það er.
- Húsin í Bernhöftstorfundi eru líka kennileiti.
- Takið eftir hve mismunandi húsin eru, þar eru gömul timburhús, steipt hús og jafnvel nokkurskonar kastali.
- Leyfið börnunum að velja sér ákveðið kennileiti og látið þau taka myndir af því frá mörgum sjónarhornum. Hægt er að leyfa hverjum og einum að velja sér eitt kennileiti eða láta hópinn velja sér 2-3 kennileiti saman.



Mynd 31: Austurstræti



Mynd 32: Austurvöllur

- Vegna þess að þessi hús eru sérstök og standa saman efst í brekkunni þá eru þau kennileiti, því allir þeir sem fara eftir götunni horfa upp á húsin og muna eftir þeim.
- Stjórnarráðið er kennileiti og er mjög gamalt hús. Það er eitt fyrsta húsið sem er gert úr steini en ekki byggt úr timbri.
- Þar fundar ríkisstjórnin eða fólkið sem stjórnar landinu.
- Fyrir framan húsið eru einnig tvö kennileiti sem eru stytur. Önnur er af kóngi sem réði einu sinni yfir Íslandi og hin af Íslendingi sem hét Hannes Hafsteinn.
- Sér einhver aðra stytta hér í nágrenninu sem er líka kennileiti? Einhver bendir á Ingólf Arnarsson og svo er gengið uppá Arnarhól.
- Frá Arnarhóli sjást mörg kennileiti, en hóllinn sjálfur er líka kennileiti. Á honum er stytta af Ingólfi Arnarsyni, en hann er sá sem fyrstur reisti sér hús í Reykjavík og ákvað að búa hér.
- Í kringum hólinn eru sérkennileg hús sem öll eru kennileiti. Þau eru t.d. Seðla-bankinn, Harpan, Hæstiréttur, Þjóðleikhúsið og Þjóðmenningarhúsið.
- Frá hólnum sést líka í turnana tvo sem gnæfa yfir Miðborginni – þ.e. Hallgrímskirkjuturn og turn Landakotskirkju. Turnarnir eru kennileiti og ef hópurinn hefur t.d. farið gulu- og rauðu gönguleiðina, þá þekkja börnin þessar kirkjur.
- Frá Arnarhól er haldið niður á Lækjartorg og gengið niður Austurstrætið. Klukkan á Lækjartorgi er gamalt kennileiti, því hún hefur verið þarna lengi eins og sjá má á gömlum myndum.
- Turninn sem er nú á torginu hefur verið þar áður, en hefur verið fluttur um alla miðborgina í tímans rás. Hann er í rauninni eitt aðalkennileitið fyrir miðborgina, en hann er samt ekki alltaf á sama stað, þannig að kennileiti eru ekki alltaf óhagganleg og föst.
- Þegar komið er að gatnamótum Austurstrætis og Pósthússtrætis er skemmtilegt að skoða öll húsin sem mynda þessi gatnamót.
- Á Austurvelli, Ingólfstorgi og í Víkurgarði eru mörg kennileiti.
- Þá er komið í Alþingisgarðinn. Garðurinn er hálfgerður leynigarður en í honum er kennileiti hvað er það?
- Hægt er að borða nestið í Alþingisgarðinum. Ef veðrið er napurt er hægt að fara inn í Ráðhúsið, til þess að borða nestið og komast á klósettið. Best er þó að hringja í húsvörðinn og biðja um leyfi, áður en lagt er af stað í ferðina.
- Því næst er gengið niður að Tjörninni, hún er einnig sérstakt kennileiti.
- Að lokum er endað í Mæðragarðinum.



Mynd 33: Alþingisgarðurinn



Mynd 34: Ingólfstorg

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Spyrjið börnin hvaða kennileitum þau muna eftir úr ferðinni sem farin var.
- Hvert var uppáhalds kennileitið þeirra eða flottasta kennileitið?
- Fjalla nánar um kennileitin sem börnin muna eftir og rifjað upp hvernig þau voru á litinn, hvað þau voru stór, hvað var í umhverfinu í kringum þau, o.s.frv.
- Kennarinn getur t.d. reynt að teikna upp nokkur kennileiti á tússtöflu og látið börnin bæta því við sem vantar.
- Eftir það fá svo börnin það verkefni að teikna kennileitin á blað eða búa þau til úr öðrum efnivið. Endurtaka svo þetta verkefni 1-2 dögum síðar og láta þá börnin teikna á vandaðra blað og jafnvel með vandaðri litum en áður, til þess að úr verði eigulegri mynd.
- Einnig mætti útbúa póstkort úr þessum myndum, en á póstkortum sem útlendir ferðamenn senda, eru oftast myndir af kennileitum í Reykjavík eða á Íslandi.
- Götunöfn eru líka kennileiti. Margar götur á Skólavörðuhæðinni heita t.d. eftir goðum úr norrænni goðafræði.



Mynd 35: Bakarabrekkan – Sr. Friðrik



Mynd 36: Víkurgarður – Skúli Fógeti

# Verkefni tengd styttnum í miðborginni

## Undirbúningur

- Hvað eru styttnur?
- Eru þær lifandi?
- Hver býr til styttnur?
- Hvar sjáum við styttnur?
- Ætli það sé gaman að vera stytta?
- Af hverju eru til styttnur?
- Sýna myndir af styttnum. Fyrstu styttnurnar sem búnar voru til voru af guðum sem fólkið í gamla daga trúði á. Til eru margar myndir af styttnum af guðum Egypta, Rómverja, Grikkja og fleiri á google ásamt myndum af mörgum styttnum.
- Næstum því allar styttnur eru á stalli. Af hverju ætli það sé? Sumir stallarnir eru stórir, jafnvel stærri en styttnan sjálf.
- Ef stytta væri ekki á stalli, væri hún þá nokkuð stytta?

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Fjólubláa gönguleiðin ásamt viðbótinni við Arnarhól. Einnig er gott að fara appelsínugulu gönguleiðina, eða blanda þessum tveimur leiðum saman. Sjá umfjöllun um styttnur hér að framan.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Hver og einn velur sér styttnu og ljósmyndar hana frá ýmsum sjónarhornum.
- Hver og einn velur sér eina styttnu til að leira í leir í minni útgáfu og setur hana á stall.
- Teknar eru myndir af styttnunni frá fjórum sjónarhornum, ljósmyndirnar eru síðan prentaðar út og klipptar til og límðar á fernu eða klósettrúllu.
- Fara í styttnuleik og þykjast vera myndastyttnur.



Mynd 37: Hljómskálagarðurinn



Mynd 38: Landakotstún



# Verkefni tengd gróðrinum í miðborginni

Börn og fullorðnir taka oft gróðri og náttúrunni sem sjálfsgöðum hlut í umhverfinu. Þegar amma og afi, eða langamma og langafi voru börn þá var gróðurinn öðruvísi, lítið af trjám og blómum, eiginlega bara gras og tún..

## Undirbúningur

- Kennarinn verður að þekkja til eða að vera búinn að kynna sér lítilsháttar nöfn og útlit nokkurra trjáplantna og runna í umhverfinu.
- Fjalla um mismunandi tegundir gróðurs, þ.e. tré, runna, blóm og gras.
- Hver er munurinn á tré og runna?
- Eru öll tré eins?
- Eru þau græn allan ársins hring?
- Hvernig eru blóm á litinn?
- Er grasið alltaf grænt, eða er það mismunandi grænt?
- Oft eru líka blóm í grasinu t.d. fíflar, sóleyjar og smáralyng. (Gott væri ef hóll eða túni á leikskólalóðinni væri ekki slegið yfir sumarið, til þess að sjá hvernig grasið vex yfir sumarið og hvaða tegundir blóma vaxa þar.)
- Hvernig væri umhverfið okkar ef ekki væri gróður? Myndum við ekki sakna græna litarins?
- Ef um eldri börn er að ræða þá er hægt að hafa smá heimspekivinkil á umræðunni. Benda á að græni litur trjáanna sé í rauninni bara dulbúningur, því við sjáum réttu liti trjáanna á haustin þegar græni liturinn fer. Hauslitir trjáanna eru í raun þeir litir sem trén bera.
- Benda á mikilvægi þess að hugsa vel um gróðurinn okkar, því annars væri allt grátt.
- Hægt er að skoða heimasíðu Náttúruskóla Reykjavíkur til að fá fleiri hugmyndir: [www.natturuskoli.is](http://www.natturuskoli.is)



Mynd 39: Gullregn við Hávallagötu

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Fara t.d. gulu gönguleiðina.
- Á Landakotstúni er að finna margar tegundir af trjám og runnum.
- Skoða 3-4 mismunandi tegundir af trjám og 1-2 af runnum. Hugsanlega eru þessar tegundir líka að finna á leikskólalóðinni, þannig að hægt er að ræða um að þetta sé eins tré og er þar. Taka með eitt laufblað til þess að bera saman við laufblað af trjánnum heima í leikskóla.
- Á túninu er að finna leikvöll og stóra grasflöt þar sem hægt er að hlaupa um Athugið að hjá inngangi í hús Kaþólsku kirkjunnar við Hávallagötu er að finna fallett Gullregn sem blómstrar í lok júní og júlí, sjá mynd 39. 39).
- Í Gamla kirkjugarðinum er að finna margar tegundir blóma og trjáa og runna. Þar er einnig gaman að villast um og þræða þrönga göngustíga sem eru eins og völundarhús. Þar er líka mikið af mjög gömlum trjám.
- Frá kirkjugarðinum er haldið niður í Hljómskálagarð, þar sem einnig eru margar tegundir af trjám og þar eru einnig margar tegundir af fjölærum blómum í mörgum litum.
- Nokkrir leikskólar í miðborginni hafa aðgang að grænum svæðum í nágrenni við leikskólann sinn. Hægt er að hafa samband við miðborgarleikskólana og fá upplýsingar um grænu svæðin þeirra og hvað hægt er að gera skemmtilegt á þeim.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Markmiðið er að börnin þekki muninn á tré og runna og læri nokkur nöfn á þeim t.d. birki, ösp, lerki og greni.
- Víða um miðborgina eru svo t.d. rósarrunnar, ígulrós og þyrnirós.
- Fjalla um það sem margir kalla illgresi – af hverju köllum við t.d. sóleyjar og fífla illgresi?
- Í Hljómskálagarðinum mætti t.d. velja eitt birkitré og fylgjast með því allan ársins hring, þ.e. sjá hvernig það breytist eftir árstíðum. T.d. hægt að taka af því mynd og bera saman við myndina sem tekin var síðast o.s.frv.
- Upplýsingar, fleiri hugmyndir og verkefni er t.d. að finna á síðunni [www.natturuskoli.is](http://www.natturuskoli.is)



Mynd 40: Fuglar við Tjörmina



Mynd 41: Oft er mikið um Máva á Tjörninni, þeir stela stundum brauði frá öndunum.

# Verkefni tengd dýralífinu í miðborginni

Dýralífið á Íslandi er tiltölulega fábreytt. Í Reykjavík rekumst við sjaldan á refi, minka, hreindýr og mýs, en hinsvegar státar miðborgin af fjölskrúðugu fuglalífi. Tjörnin er heimili mjög margra fuglategunda. Einnig er mikilvægt að hafa augun opin fyrir köttunum eða öðrum dýrum sem flækjast um göturnar í Þingholtunum og í Vesturbænum.

## Undirbúningur

- Fjalla um dýralífið í borginni og spyrja börnin hvaða dýrum þau muna eftir að hafa séð í umhverfinu í kringum sig.
- Fjalla um köttinn og spyrja hvað það er sem kettir veiða, mýs og fugla!
- Fuglarnir verða þó aðalumfjöllunarefnið og er best að hafa af þeim myndir þegar fjallað er um þá.
- Tala um eggin og hvernig fuglar verða til.
- Foreldrarnir halda hita á eggjunum og liggja á þeim þar til ungarnir skriða úr eggjunum. Þá verða foreldrarnir að passa uppá litlu ungana því kettir og aðrir stærri fuglar vilja éta litlu ungana.

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Velja t.d. appelsínugulu gönguleiðina.
- Gengið í kringum Tjörnina og reynt að koma auga á ólíkar tegundir fugla.
- Skoða fjaðrir af fuglum ef finnast í ferðinni, skoða skítinn úr fuglum sem við sjáum í ferðinni hvernig er hann á litinn, af hverju ætli hann sé þannig á litinn - hvað borða fuglar?
- Gefa öndunum brauð. Mávar eru oft til vandræða við Tjörnina og stela oft brauðinu sem við ætluðum að gefa öndunum. Besta leiðin til að hrekja burtu máva er að þykjast vera fugl og blaka höndunum út í loftið. Þá fljúga mávarnir í burtu en endurnar verða eftir og geta borðar brauðið í friði.



Mynd 42: Fuglar við Tjörnina



Mynd 43: Næpan í Þingholtunum, þar eru kettir á kreiki

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Rifja upp hvað sáust margar tegundir af fuglum í ferðinni.
- Gott er að nota myndir af fuglum og tala um einkenni þeirra eða finna til fuglabækur í leikskólanum eða á bókasafninu.
- Hver og einn velur sér tegund af fugli til þess að teikna.
- Einnig getur verið gaman að syngja saman lag með handahreyfingum um fuglana. (sjá t.d. [http://bornogtonlist.net/index.php?title=Fuglarnir\\_tveir](http://bornogtonlist.net/index.php?title=Fuglarnir_tveir) )
- Eins og í fleiri verkefnum þá er tilvalið að leyfa börnunum að taka myndir af fuglum og vinna með þær t.d. að klippa myndirnar út og gera skuggaleikhús.
- Yfir vetrartímann er verðugt og skemmtilegt verkefni að koma upp fuglafóðrun á leikskólalóðinni eða í nágrenni við hana. Þá er með reglulegu millibili sett út korn á snjóinn eða á fóðurbretti, eða hengt upp epli og fóðurkúlunet í trén. (Sjá leiðbeiningarbækling um fóðurgjöf fugla frá Fuglavernd sem kostar 500 kr. <http://www.fuglavernd.is/index.php/forsidalisti/1/258-garefuglabæklingur>).



Mynd 44: Mannlífið á Austurvelli



Mynd 45: Ferðamenn hjá Alþingi



# Verkefni tengd mannlífinu í miðborginni

## Undirbúningur

- Hverjir eiga erindi í miðborgina?
- Eru það bara börn í leikskólum sem fara í ferðir í miðborgina?
- Hvað er fólk að skoða í miðborginni?
- Verður maður að kunna íslensku til þess að ganga um miðborgina?
- Fólk á heima í miðborginni. Þekkið þið einhvern sem á heima í miðborginni?
- Mjög margir eiga erindi í miðborgina t.d. vinna margir þar. Vinnur kannski eitt af foreldrum barnanna þar?
- Sumir fara í miðborgina til þess að fá sér að borða því þar eru margir veitingarstaðir og kaffihús.
- Sumir eru ferðamenn í heimsókn frá útlöndum og tala ekki íslensku. Hvað eru þeir að gera í miðborginni?
- Hvað gerir maður ef maður villist í miðborginni?

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Farin er fjólubláa gönguleiðin.
- Hvernig er fólk klætt í miðborginni?
- Hagar fólk sér öðruvísi ef það er rigning út, eða þegar það er sól og blíða?
- Hvernig eru ferðamenn klæddir?
- Í miðborginni eru margir veitingarstaðir. Þar er hægt að fá mat frá öllum heimsörnum.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Samræður um borgir eða bæi, hafa börnin heimsótt öðruvísi borgir en Reykjavík og hvað er ólíkt við mannlífið þar og hér?
- Ferðamenn senda póstkort - eigum við að senda póstkort



Mynd 46: Grjótaþorpið



Mynd 47: Grjótaþorpið

# Verkefni tengd húsunum í miðborginni

## Undirbúningur

- Ræða um hús og byggingar.
- Við eigum öll heima í mismunandi húsum.
- Á einhver ykkar heima á annarri, þriðju eða fjórðu hæð í húsi? Sumir eiga heima í blokk, aðrir í raðhúsi og einhverjir í einbýlishúsi.
- Hvernig hús er leikskólinn? Er leikskólinn hús á mörgum hæðum?
- Þau hús sem fólk á heima í, köllum við íbúðarhús. En þau hús sem fólk vinnur í, lærir í eða kaupir eitthvað í, köllum við stofnanir eða atvinnuhúsæði. Skólar, bankar, sundlaugar og hótél eru allt atvinnuhús eða stofnanir vegna þess að fólk á ekki heima í þeim húsum.

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Farin er græna gönguleiðin eða bláa gönguleiðin. Á báðum þessum gönguleiðum eru margar tegundir húsa. Timburhús, steinhús, steipt hús og stál og glerhús.
- Ef farin er bláa gönguleiðin er gott að fara á sýninguna 874+-2 og skoða landnámsbæinn og læra um það hvernig húsum fólk bjó í í eldgamla daga. Síðan er farið upp í Grjótaþorp og inn á Túngötu. Á þessari leið er að finna mikið af mismunandi gömlum húsum. Tvö sérstök hús, sem ekki eru íbúðarhús, eru á leiðinni, þ.e. Ráðhúsið og Landakotskirkja.
- Svipaða sögu er að segja um grænu gönguleiðina. Þar er mörg ólík hús að finna, sem eru mis gömul, gerð úr fjölbreyttu byggingarefni og reist í ólíkum tilgangi.
- Fjalla um áferð húsanna, sum hús eru slétt, önnur gróf og enn önnur úr gleri.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Rifja upp gönguferðina.
- Sýrja börnin hvaða húsum þau muna sérstaklega eftir úr ferðinni.



Mynd 48: Landakotskirkja



Mynd 49: Ráðhúsið

- Eftirminnilegustu húsin eru teiknuð á blað eða unnið með ljósmyndir af þeim.
- Á báðum gönguleiðunum er að finna mjög mismunandi girðingar í kringum húsin. Margar hverjar eru steyptar og málaðar. Einnig eru oft á þeim mjög vegleg járnhlið. Gaman væri að gera verkefni tengd girðingum og hliðum, taka myndir af þeim, teikna, klippa þau út og gera girðingu í kringum kubbahús eða eitthvað slíkt.



Mynd 50: Húsin í Vesturbæ



Mynd 51: Grjótaþorpið

# Verkefni tengd litunum á húsum og húspökum í miðborginni.

## Undirbúningur

- Fjalla um litina og rifja þá upp.
- Spyrja hvernig húsin sem börnin eiga heima í eru á litinn.
- Hafa verður í huga að stundum þekkja börn ekki litina þrátt fyrir að þau séu á elsta ári. Þroski kemur fram á misjafnan máta hjá börnum, t.d. getur barn sem ekki þekkir litina í sundur, þekkt bókstafi.

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Farin er græna gönguleiðin eða bláa gönguleiðin.
- Íbúðarhúsin í Þingholtunum, í Grjótaþorpinu og í Vesturbænum eru máluð á marvislegan hátt í öllum regnbogans litum. Þetta er eitt einkenni miðborgar Reykjavíkur, þ.e. hvað hann er litskrúðugur.
- Börnin geta stoppað við húsin og skoðað þau vandlega, horfa upp eftir þeim, til hliðanna og nedst á þau. Reyna að ljósmynda sem flesta liti á húsunum sem er að finna í gönguferðinni eða skoða ólíkar útidyrhurðir.
- Sérstaklega skal bent á þök húsa, því oft gleymir maður að líta upp fyrir sig.
- Þegar litir á húspökum eru skoðaðir er best að fara upp í Hallgrímskirkjuturn.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Skoða myndirnar sem teknar voru af húsunum í ferðinni.
- Reyna að ná sem flestum litum.
- Gott væri ef hvert og eitt barn gæti fengið að velja sér eina mynd af einu húsi.
- Börnin teikna svo mynd af húsinu á blað og lita það. Hér er sniðugast að nota vatnsliti eða vaxliti. Í næsta hópastarfstíma eiga börnin svo að teikna sama húsið í sömu litum en bara á  $\frac{1}{4}$  minna blaði (eða jafnvel enn minna blaði). Þá er best að teikna fyrst útlínurnar með svörtum penna og lita svo með mjúkum trélitum.



Mynd 52: Litamunur



Mynd 53: Litamunur



- Skoða myndir af sambyggðum húsum sem eru máluð í mismunandi litum. Skörp skil þó húsin séu hugsanlega svipuð.
- Prenta út loftmynd á A3 blað af þeim hluta miðborgarinnar sem gengið var um sjá t.d. [www.borgarvefsja.is](http://www.borgarvefsja.is). Þegar loftmyndin er skoðuð er líkt og við horfum ofan á borgina eins og fuglinn fljúgandi. Sjónarhornið má tengja við það þegar farið var upp í Hallgrímskirkjuturn, nema nú er farið hærra upp. Á loftmyndinni sjáum við göturnar sem við gengum eftir. Benda á Hallgrímskirkju og Mæðragarðinn og jafnvel strika leiðina niður holtið, sem farið var og rifja upp í leiðinni. Munið þið eftir þessu húsi? Það var gult á litinn. Ekki er víst að öll börnin átti sig á þessu sjónarhorni. Til að útskýra betur mætti nota bílateppi eða annan efnivið í leikskólanum.
- Þegar húsin eru skoðuð á loftmynd, þá eru þau flest eins og ferningar og kassar í laginu. Prentið út eða ljósritið hluta af loftmynd af Þingholtunum eða Grjótaþorpinu. Hafið hana svarthvíta og ljósa (ekki dökka). Nú fá börnin tækifæri til þess að lita þökin á húsunum. Best að nota mjúka tréliti til þess.
- Seinna er þetta verkefni rifjað upp og þá fá börnin hvítt blað og geta teiknað upp göturnar og húsin við göturnar, ásamt því sem þau mega bæta við gróðrinum í görðum húsanna. Best er að gefa börnunum leiðbeiningar, t.d. að teikna þrjár götur og 5-10 hús. Ef börnin teikna húsin sín á harðan pappír, t.d. vatnslitapappír, þá getur verið gaman að láta þau lita með trélitum sem svo er hægt að mála með þegar pennslað er yfir þá með vatni.



Mynd 54: Landakotskirkja.



Mynd 55: Landakotstún.

# Verkefni tengd görðunum og torgunum í miðborginni.

Mikilvægt er að börn noti garða og þekki það endurnærandi og róandi umhverfi sem garðar og náttúra bjóða uppá. Börn sem eru alin upp við reglulegar ferðir í náttúrulegt umhverfi sækja í náttúruna til hvíldar og endurnæringar þegar þau verða eldri. Þau börn sem ekki alast upp við slíkt umhverfi eiga erfðara með að átta sig á að í görðum og á grænum svæðum er hægt að finna þá endurnæringu og ró sem er nauðsynleg okkur öllum.

## Undirbúningur

- Hvað er garður?
- Hann er yfirleitt með trjám og gróðri og er oftast afmarkaður á augljósan máta, t.d. með göngustígum eða girðingu. Í görðum er stundum grasflöt til að leika sér á, leiktæki og bekkir.
- Hvað er torg?
- Á torgum er yfirleitt ekki mikið gras. Í staðinn fyrir gras eru settar hellur eða malbik. Á torgum eru oftast tré og bekkir.

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Fara t.d. fjólubláu gönguleiðina eða appelsínugulu gönguleiðina.
- Bera saman torg og garða í miðborginni.
- Skoða garðana og torgin á mismunandi árstímum.
- Notið myndavélina í ferðinni og leyfið öllum börnunum að taka myndir. T.d. geta börnin skiptst á að taka hópmyndir af hópnum á nokkrum stöðum.
- Í einum garðinum gæti hvert og eitt barn valið sér blóm, tré eða runna til þess að teikna, það er síðan málað eða litað eða í næsta hópastarfstíma.
- Hægt er að fylgjast með breytingum á gróðri og umhverfi eftir árstíðum.
- Hópurinn leggst í grasið t.d. í Hallargarðinum og allir hafa alveg þögn og hlusta á umhverfishljóðin. Hvað heyrum við? Hvaða lykt finnum við? o.s.v.frv. (Lagið: „Ég heyri svo vel“ með Olgu Guðrúnu)



Mynd 56: Alþingisgarðurinn

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Í hvaða garði var skemmtilegast að vera?
- Hver er munurinn á torgi og garði?
- Hver er munurinn á Austurvelli og Ingólfstorgi.
- Hvernig líður okkur í gördum annarsvegar og á torgum hinsvegar?
- Til hvers eru torg og garðar?
- Hvað er að finna í gördum og hvað er að finna á torgum.
- Skoða ljósmyndirnar sem teknar voru í ferðinni.
- Er nauðsynlegt að hafa torg og garða, myndum við ekki sakna þeirra ef þau væru ekki.



Mynd 57: Kvosin í Reykjavík, hún liggur á milli tveggja hæða.



Mynd 58: Tómas Guðmundsson situr við Tjörnina.

# Verkefni tengd landslaginu í miðborginni

## Undirbúningur

- Hvað er landslag?
- Sýna börnum landslagsmynd eða horfa út um gluggann og ræða um landslagið sem þau sjá.
- Landslag er yfirborð jarðarinnar sem mótast af landslagsþáttum eins og hæðum og hólum, fjöllum og dölum, ám og vötnum og hafi, landbúnaði og mannvirkjum, svo sem húsum og öðrum byggingum, sem verða þá hluti af landslaginu.
- Alltaf þegar við horfum út um glugga eða ofan af hól eða hæð þá sjáum við landslagið. Og það er alltaf síbreytilegt eftir því hvar við erum.
- Landslagið getur verið náttúrulegt, þ.e. með miklum gróðri og blómum og fuglalífi. En það getur líka verið manngert þ.e. með húsum og byggingum sem við mennirnir reisum okkur í landinu. Hvernig skyldi landslagið hafa litið út áður en byggingarnar komu? Getum við fundir myndir af því?
- Í samhengi við landslagsumræðuna getur verið gott að minnast á hólana á leikskólalóðinni eða í nánasta umhverfi.

## Í vettvangsferð um miðborgina

- Farin er græna gönguleiðin eða bláa gönguleiðin, en best væri ef þessum tveimur gönguleiðum væri blandað saman þó gangan verði nokkuð löng fyrir börnin. Rauða gönguleiðin er einnig ágæt í þetta verkefni.
- Í ferðinni er ekki mikið verið að skoða umhverfið og húsin heldur frekar hvernig landslagið er í miðborginni.
- Benda börnunum á þegar gengið er upp í móti og niður í móti.
- Við erum að ganga upp á hæðina og Hallgrímskirkja er efst á hæðinni.
- Frá Hallgrímskirkju göngum við svo niður brekkuna og alveg niður að Tjörninni en hún er fyrir neðan hæðina, sem Hallgrímskirkja stendur á.



Mynd 59: Porfinnstjörn í Hljómskálagarði.



- Þá er hægt að ganga upp aðra hæð sem er aðeins minni og upp að Landakotskirkju sem er líka ofan á hæð og þaðan er líka útsýni. Hallgrímskirkja sést frá Landakotskirkju, en ekki öfugt nema farið sé upp í turninn.
- Landakotstúnið er tilvalinn staður til nestisdrykkju og leikja. Ef veður er slæmt er hægt að fara í Ráðhúsið eða Borgarbókasafnið. Þá er tilvalið að ræða um landslagið á Íslandi með því að skoða stóra Íslandskortið. Alltaf er hægt að fara inn í Ráðhúsið, til þess að borða nestið og komast á klósettið. Best er þó að hringja í húsvörðinn og biðja um leyfi, áður en lagt er af stað í ferðina.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Búa til hæðir og hóla með því að setja eitthvað undir teppi eða nota ólíkan efnivið leikskólans, kubba, púða eða annað inni eða úti til þess að búa til landslag.
- Búa til einfalt líkan af miðborginni þar sem Tjörnin og Kvosin eru á milli tveggja hæða þar sem Hallgrímskirkja er á annarri hæðinni og Landakotskirkja á hinni hæðinni. Fjalla líka um muninn þessum kirkjum þ.e. svart og hvítt.
- Á landnámssýningunni í Aðalstræti 874+-2 er hægt að skoða myndir af Tjörninni og svæðinu í kringum hana eins og það leit út áður en land byggðist. Samskonar myndir er mögulega hægt að finna af hverfinu þar sem leikskólinn stendur eða börnin búa. Hægt er að vinna skemmtileg verkefni út frá hugmyndinni um það hvernig leit landið út áður en það byggðist og hvernig lítur það út eftir að húsin eru komin?
- Á Borgarbókasafninu eru til ótal margar bækur um sögu Reykjavíkur. Hægt er að hafa samband við safnið og biðja starfsfólk um að taka saman bækur um Reykjavík sem leikskólinn getur fengið að láni. Sama gildir um Ljósmyndasafn Reykjavíkur sem getur útvegað fjöldann allann af ljósmyndum frá gömlu Reykjavík. Hægt er að vinna með bækur og ljósmyndir bæði í aðdraganda ferðar og einnig þegar unnið er úr henni.



Mynd 60: Blokkirnar í Fellahverfinu eru í mörgum litum.

# Breiðholt

## Helstu svæði í Breiðholti

Breiðholtshverfið er fjölmennasta hverfi Reykjavíkurborgar. Breiðholtshverfinu er venjulega skipt niður í þrjú minni hverfi; Neðra-Breiðholt, Efra-Breiðholt og Seljahverfið. Í hverju hverfi er svo að finna minni hverfahluta eins og t.d. Fellahverfi, Hólahverfi og Bakkana. Holt er eiginlega eins og lítið fjall og þegar maður stendur uppi á því sér maður yfir landið fyrir neðan. Frá Breiðholti er hægt að horfa yfir Reykjavíkurborg, sjá sjóndeildarhringinn þar sem hann snertir sjóinn og fjallahringinn sem umlykur borgina. Fyrir neðan Breiðholt er Elliðaárdalurinn og þar renna Elliðaárnar úr Elliðavatni. Í Breiðholti eru fimm grunnskólar; Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli, Seljaskóli og Ölduselsskóli og líka einn framhaldsskóli, Fjölbrautarskólinn í Breiðholti. Þrjár kirkjur eru í Breiðholti; Seljakirkja, Fella- og Hólakirkja og Breiðholtskirkja en hún er eins og Indíanatjald í laginu. Ef þið eigið heima í Reykjavík, í hvaða hverfi búið þið?

## Garðar, opin svæði og stytur í Breiðholti

**Elliðaárdalurinn** ● ● er eitt fjölsóttasta útivistarsvæði Reykvíkinga enda býður hann upp á fjölbreytta möguleika til útivistar. Í Elliðaárdal eru stígar og brautir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem og fræðsluskilti um jarðfræði og gróður dalsins. Jarðfræði Elliðaárdals er einstök vegna margbreytileika síns. Við Elliðaárósa eru merkileg setlög, kölluð Elliðavogslögin og má þar finna leifar ýmissa plantna sem uxu við Elliðavog fyrir nokkur hundruð þúsund árum og skeljar af grunnsævi. Það má einnig finna jökulrákaðar grágrýtisklappir, hraun frá nútíma og sjávarhjalla. Elliðaárnar hafa oft verið nefndar perla Reykjavíkur, enda einstakt að laxveiðia renni í gegnum höfuðborg. Reykjavíkurborg keypti Elliðaárnar árið 1906 til beislunar vatnsafls en Elliðaárstöð hefur framleitt rafmagn frá árinu 1921. Trjárækt í Elliðaárdalnum hófst um 1950 og hefur uppgræðslu verið haldið áfram sleitulaust síðan. Félagsheimili Orkuveitu Reykjavíkur í Elliðaárdal var tekið í notkun um 1960. Í Elliðaárdalnum er líka kanínur!

**Indíanagil** ● er eiginlega í miðjum Elliðaárdalnum rétt fyrir neðan Höfðabakkabrúnna. Þar er mjög gaman að sulla og vaða í ánni, en maður verður samt alltaf að fara



Mynd 61: Klifurnet á miðsvæði Efra-Breiðholts.



Mynd 62: Séð yfir miðsvæði Neðra-Breiðholts.

mjög varlega. Margir Breiðholtsbúar hafa í gegnum tíðina farið í ævintýraferðir í Indíanagil en örnefnið er um 30-40 ára gamalt, þó svo engin viti nákvæmlega hvernig það kom til.

**Miðsvæði Neðra-Breiðholts** ● var skipulagt þannig að engin bílaumferð færi um svæðið og því gætu börn örugg leikið sér þar. Búið er að gróðursetja mikinn trjágróður á svæðunum og er m.a. skemmtilegur hóll á miðju svæðinu þar sem hægt er að renna sér á snjóþotum á veturna.

**Miðsvæði Efra-Breiðholts** ● var einnig skipulagt með það í huga að það væri aðskilið frá bílaumferð og að börn gætu verið örugg á svæðinu. Ýmis leiktæki eru dreifð um svæðið, m.a. klifurnet sem hefur mikið aðdráttarafl.

**Miðsvæði Seljahverfis** ● er stundum líka kallað Seljabotnar. Um það rennur lítill lækur sem hefur runnið þar frá fornu fari. Einn almenningsgarð er að finna á svæðinu sem nefnist Seljatjörn og í henni miðri er ævintýraeyjan sem gaman er að fara úti. Í tjörninni er stundum hægt að veiða hornsíli.

**Sauðhóll** ● er við hliðina á Fellaskóla og er merkilegur álfahóll. Löngu áður en byggt var í Breiðholti var hóllinn kennileiti fyrir þá sem fóru um svæðið hvort sem það var í berjamó eða til þess að sækja sauði. En hugsanlega fékk hóllinn örnefnið *Sauðhóll* vegna þessara sauða. Í kringum hóllinn á svæðinu þar sem nú er miðsvæði Efra-Breiðholts var Sauðhólsmýri. Hóllinn er verndaður af því að sagt er að í honum búi álfar. Blokkinn við Vesturberg 2-6 átti að vera í beinni línu við hinar blokkirnar í götunni, en ákveðið var að byggja hana frekar vestan við hóllinn, svo ekki þyrfti að grafa í hann og raska ró álfanna. Hvernig ætli hafi verið umhorfs í Sauðhólsmýri áður en húsin voru byggð þar?

**Móinn milli Neðra- og Efra-Breiðholts** ● og **móinn milli Hólahverfis og Elliðaáa** ● er í dag orðinn að skógi en sumstaðar er enn að finna steina og lággróður sem fyrirfinnst í móum. Um svæðið liggja margir göngustígar, bæði malarstígar og malbikaðir, upplýstir stígar. Ferðalangar á gönguför ættu alls ekki að halda sig eingöngu á stígnum heldur, að rannsaka og uppgötva ævintýrin í skóginum.

**Vatnsendahæð.** Víða úr Breiðholtshverfunum sér í útvarpsmöstrin á Vatnsendahæð. Litla skíðalyftu er að finna þar, en fyrir þá sem ekki fara á skíði er gaman að renna sér á sleða eða snjóþotu í snjónum á veturna. Frá Vatnsenda er gott útsýni yfir Breiðholtshverfin og Reykjavíkurborg.

**Hóllinn við Æsufell/Asparfell** ● og **hóllinn við Seljaskóla** ●

**Höggmyndagarður Hallsteins Sigurðssonar** ● er við heimili hans og vinnustofu við Ystasel 37. Gaman er að skoða verkin í garðinum og það er líka hægt að hafa samband við Hallstein og fara í heimsókn til hans á vinnustofnuna.



Mynd 63: Listaverk á „Markúsartorginu“ við Menningarmiðstöðina Gerðuberg.



Mynd 64: Höggmyndagarður Hallsteins Sigurðssonar í Seljahverfi.

**Styttur** Ekki er að finna margar styttur í Breiðholti. Verkið *Ferningar I* eftir Hallstein Sigurðsson frá árinu 1973 stendur við Stekkjarbakka, hjá undirgöngunum sem liggja ofan í Elliðaárdalinn. Verkið *Mynd* eftir Sigurð Guðmundsson frá árinu 1991 stendur á „Markúsartorginu“ svokallaða við Menningarmiðstöðina í Gerðubergi. Að lokum er verkið sem stendur við Seljakirkju.

## Söfn, stofnanir og fyrirtæki í Breiðholti

Gaman og áhugavert getur verið að heimsækja fyrirtæki og stofnanir og sjá t.d. hvað gerist á bak við tjöldin í fyrirtækjum. Einnig er mikilvægt að börn viti að atvinnustarfsemi fer fram í þeirra nánasta umhverfi. Hér fyrir neðan er listi yfir fyrirtæki og stofnanir í Breiðholti sem taka á móti leikskólabörnum í heimsókn og kynna fyrir þeim starfsemi sína. Best er að hafa samband við fyrirtæki og stofnanir með góðum fyrirvara til að finna góðan tíma sem hentar öllum aðilum.

**Menningarmiðstöðin Gerðuberg** ● var opnuð 4. mars 1983 og er alhliða menningarmiðstöð rekin af Reykjavíkurborg. Boðið er upp á fjölbreytta menningardagskrá fyrir fólk á öllum aldri. Leiðarljós Gerðubergs er að eflast sem alhliða menningarmiðstöð með fjölbreytta og metnaðarfulla menningarstarfsemi og vera gríðastaður góðra hugmynda og nýsköpunar. Gerðuberg hefur verið einn vinsælasti funda- og ráðstefnustaður borgarinnar. Það er iðulega eitthvað skemmtilegt sem hægt er að gera eða skoða í Gerðubergi, ýmsar sýningar og uppákomur. Frekari upplýsingar um dagskrá og viðburði eru á [www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is). Áður en farið er í heimsókn er góð regla að vera búin að hringja á undan sér og láta vita af komu hópsins.

**Borgarbókasafnið í Gerðubergi** ● Hægt er að panta sögustundir og safnakynningu. Nestisaðstaða og salernisaðstaða. Sími 557 9122. <http://www.borgarbokasafn.is/>

**Endurvinnslustöð Sorpu** við Jaðarsel. Hægt er að panta ferðir fyrir hádegi alla virka daga og tekur fræðslan um 30 mínútur. Nemendur geta komið með strætó á endurvinnslustöðvar SORPU þar sem fræðslufulltrúi tekur á móti þeim. Starfsemi stöðvarinnar er útskýrð fyrir nemendum og þau frædd um úrvinnslu úrgangsins. Leikskólakennurum sem hafa áhuga á að koma með börn í vettvangsferð er bent á að hafa samband við Valdísi Dögg Rögnvaldsdóttur fræðslufulltrúa, í síma 520 2200 eða senda tölvupóst á [valdis.rognvaldsdottir@sorpa.is](mailto:valdis.rognvaldsdottir@sorpa.is).

**Hallsteinn Sigurðsson** ● er myndlistarmaður sem býr til höggmyndir. Hallsteinn býr í Ystaseli 37 og það getur verið gaman að koma í heimsókn til hans og sjá hvað hann er að vinna við og spjalla við hann um myndlistina. Síminn hjá Hallsteini er 557 7245 en það er líka hægt að senda honum tölvupóst á [hallsteinn@simnet.is](mailto:hallsteinn@simnet.is)

**Dvalarheimili aldraðra við Seljahlíð.** ● Seljahlíð hóf starfsemi 1. júní 1986 og var fyrst rekin sem vistheimili fyrir 83 heimilismenn. Nú eru þar bæði hjúkrunarrými



Mynd 65: Hægt að vaða og veiða hornsíli í Seljatjörn.



Mynd 66: Seljatjörn er í næsta nágrenni við Seljahlíð sem er dvalarheimili fyrir aldraða.



og þjónustubúðir fyrir aldraða. Upplagt er að hafa samband og athuga hvort möguleiki sé á því að koma í heimsókn, taka þátt í starfinu eða bjóða einhverjum í Ævintýri á gönguför. Sími 540 2400 og [www.seljahlid.is](http://www.seljahlid.is).

**Mini Market í Fellahverfi (Pólska búðin)** ● er matvöruverslun sem flytur m.a. inn matvöru frá Póllandi.

**Fiskbúð Hólmgeirs í Mjódd.** ● Upplagt er að hafa samband og fá að koma í heimsókn og kynnst ýmsum tegundum af fiski. Sími 568 1616.


**Hljóðfæraverslun Pálmaris Árna.** ● Hafa skal samband við Pálmar í síma 553 2845 og hann mun taka á móti hópum og sýna þeim hljóðfæri og ýmislegt tengt þeim. [www.palmar.is](http://www.palmar.is).

**Hagabakarí í Hraunbergi.** Sími 557 7272.

**Garðheimar í Mjódd** Sími 540 3300 og [www.gardheimar.is](http://www.gardheimar.is)

**Skólalóðir** Vert er að benda á að allar lóðirnar í kringum grunnskólana í hverfunum eru opnar öllum.


**Fjölbrautarskólinn í Breiðholti.** Spennandi gæti verið að fara í heimsókn þangað. Af hverju ætli það séu engin leiktæki á skólalóð FB?



Mynd 67: Gula gönguleiðin

## ● Gula gönguleiðin


- Leiðin hefst við Skógarsel, Íþróttamiðstöð ÍR. (Strætóleið nr. 3 og 4.)
- Gengið inn á miðsvæði Seljahverfis.
- Komið við í höggmyndagarði Hallsteins Sigurðssonar myndlistarmanns. Hægt að fara í heimsókn til hans eða bara staldra við í garðinum og virða fyrir sér listaverkin.
- Frá Hallsteini er gengið yfir Seljalækinn sem rennur eftir dalnum og að þeim stað þar sem Breiðholtsbærinn stóð frá fornu fari.
- Gengið til baka, en farið út af stígnum og gengið eftir grasbrekkunni fyrir ofan lækinn.
- Komið aftur inn á gangstíginn og gengið upp eftir honum framhjá Seljakirkju.
- Komið að Seljatjörn og farið út í Ævintýraeyjuna.
- Farið í gegnum „mýrarsvæðið“ við Seljahlíð.
- Gengið meðfram lóð Seljaskóla.
- Gengið í gegnum íbúðarhúsaahverfið upp á strætóstoppistöðina við Jaðarsel.



Mynd 68: Rauða gönguleiðin

## ● Rauða gönguleiðin


- Leiðin hefst við strætóstop pistöð við Stekkjarbakka. (Strætóleið nr. 3, 4 og 12.)
- Gengið upp göngustíginn í gegnum hverfið í átt að Breiðholtsskóla.
- Gengið framhjá Breiðholtsskóla.
- Komið að miðsvæði Neðra-Breiðholts.
- Hægt að koma við í verslunarkjarnanum. Hugsanlega er hægt að fara í heimsókn í fyrirtæki þar.
- Gengið í gegnum hverfið og hægt að staldra við á hinum ýmsu leiksvæðum, t.d. við blokkirnar.
- Gengið yfir Arnarbakka og upp í móann/skóginn.
- Gengið upp malbikaðan göngustíg og beygt til vinstri inn á annan malbikaðan göngustíg.
- Dvalið í móanum/skóginum.
- Gengið eftir endilöngum móanum, beygt upp eftir einhverjum malargöngustígnum sem koma inn á gangstíginn.
- Komið inn á annan malargöngustíg sem liggur eftir endilöngum móanum.
- Komið að malbikaða göngustígnum að nýju og gengið upp eftir honum.
- Komið inn í íbúðahúsa hverfi við Vesturberg.
- Gengið eftir göngustíg við Vesturberg og farið að undirgöngum undir götuna.
- Strætó tekinn öðru hvoru megin við undirgöngin, eftir því hvert skal halda. (Strætóleið nr. 17 og 12.)



Mynd 69: Græna gönguleiðin

## ● Græna gönguleiðin

- Leiðin hefst við strætóstoppistöðina hjá bensínstöðinni við Suðurfell/Æsufell. (Strætóleið nr. 3, 4 og 12.)
- Gengið eftir göngustíg á milli blokkanna og komið að stórum hól sem farið er upp á.
- Gengið að Fellagörðum, hægt að staldra við þar. Hugsanlega er hægt að fara í heimsókn í fyrirtæki þar.
- Gengið niður að lóð Fellaskóla. Hægt að staldra þar við í leik.
- Gengið að Sauðhól og farið upp á hann.
- Gengið inn á miðsvæði Efra- Breiðholts.
- Dvalið þar við leik, þar eru ýmis leiktæki, grasflatir og trjágróður.
- Gengið framhjá Breiðholtssundlaug og farið í undirgöng undir Austurberg.
- Komið á Markúsartorg.
- Farið í heimsókn í Menningarmiðstöðina Gerðuberg.
- Strætó tekinn öðru hvoru megin við undirgöngin undir Austurberg, eftir því hvert skal halda. (Strætóleið nr. 3, 4, 12 og 17.)




Mynd 70: Bláa gönguleiðin



## ● Bláa gönguleiðin

- Leiðin hefst hjá strætóstoppistöðinni við Vesturhóla/Blikahóla. (Strætóleið nr. 4.)
- Gengið niður eftir malbikuðum göngustíg, en fljótlega farið út af honum inn á malargöngustíg sem liggur eftir móanum.
- Gengið eftir malargöngustígnum þar til komið er að krossgötum og hægt að ganga eftir malarstíg niður á við.
- Staldrað við í móanum/skóginum.
- Gengið niður malarstíginn í gegnum móann/skóginn.
- Komið niður Elliðaárdalinn hjá Elliðaárstíflunni.
- Gengið yfir stífluna.
- Farið í undirgöngin og gengið eftir Rafstöðvarvegi þar til komið er að félagsheimili Rafveitunnar.
- Gengið inn á bílastæði og fljótlega niður malargöngustíg sem liggur ofan í Elliðaárdalinn.
- Farið yfir Elliðaá á bogabru og haldið inn í skóginn þar til komið er að stórra grasflöt og grillaðstöðu.
- Farið inn í Indíanagil. Ef veður er gott er hægt að vaða í ánni.
- Gengið upp úr dalnum.
- Farið í undirgöng undir Stekkjabakka og gengið upp á Arnarbakka að strætóstoppistöð. (Strætóleið nr. 3, 4 og 17.)
- Athugið að þessa gönguleið er hægt að stytta. Til dæmis er hægt að ganga upp frá stíflunni að strætóstoppistöð við Árbæjarsafn. (Strætóleið nr. 12 og 24.) Einnig er hægt að sleppa því að ganga yfir stífluna og ganga sem leið liggur niður í dalinn að Indíanagili, eða fara úr strætó við Arnarbakka og ganga niður í Indíanagil og sömu leið til baka.



Mynd 71: Appelsínugula gönguleiðin

## ● Appelsínugula gönguleiðin

- Leiðin hefst hjá strætóstoppistöðinni við Gerðuberg. (Strætóleið nr. 3, 4, 12 og 17.)
- Komið við á Markúsartorginu við Gerðuberg.
- Farið í heimsókn í Menningarmiðstöðina Gerðuberg.
- Gengið niður göngustíginn milli Austurbergs og Keilufells.
- Beygt inn í Keilufell.
- Beygt út úr Keilufelli til móts við Fella- og Hólakirkju.
- Gengið eftir malbikuðum göngustíg fram hjá tveimur settjörnum og jafnvel eitthvað lengra.
- Hægt að ganga niður að ánni eða leika í móanum/skóginum.
- Gengið upp brekku.
- Hægt að beygja til vinstri og halda eftir malargöngustígnum í átt að kirkjunni og ljúka hringnum. Einnig er hægt að halda áfram upp brekkuna og ganga inn í hverfið og finna lítil andrými á milli húsanna og enda aftur á Markúsartorginu.
- Strætó tekinn öðru hvoru megin við undirgöngin undir Austurberg, eftir því hvert skal halda. (Strætóleið nr. 3, 4, 12 og 17.)



Mynd 72: Mini Market í Fellahverfi.



Mynd 73: Sauðhóll við Fellaskóla.

# Verkefni tengd heimsóknum í fyrirtæki í Breiðholti

## Undirbúningur

- Rætt um fyrirtækið sem er heimsótt.
- Hverjir eiga erindi í svona fyrirtæki?
- Hverjir vinna í fyrirtækinu?
- Hvað er gert í fyrirtækinu?
- Semja nokkrar spurningar (4-5) sem á að leggja fyrir fólkið sem vinnur í fyrirtækinu.
- Teikna myndir af því sem gert er í fyrirtækinu.

## Í vettvangsferð í fyrirtæki í Breiðholti

- Fyrirtækið heimsótt.
- Hlýtt á kynningu.
- Spurningar bornar upp og rætt við þann sem tekur á móti.
- Teknar myndir eða teiknaðar skissur.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Samræður um fyrirtækið og hvað sé gert þar.
- Hvað var fræðst um.
- Hvað var skemmtilegt eða skrítið?
- Teikna myndir af einhverju sem var uppgötvað um fyrirtækið.
- Myndirnar sem voru teiknaðar áður en fyrirtækið var heimsótt bornar saman við þær sem gerðar voru eftir heimsóknina. Hver er munurinn á þessum teikningum?



Mynd 74: Upplýsingaskilti við tóftir gamla Breiðholtsbæjarins.



Mynd 75: Myndir af Breiðholtsbænum á upplýsingaskilti við tóftirnar.

# Verkefni tengd sögunni í Breiðholti

## Undirbúningur

- Hvað er saga? Það er hægt að segja sögu af Einari Áskeli (eða einhverja aðra sögu) en sú saga er ekki sönn og er kölluð skáldsaga.
- Það er líka hægt að segja sögu sem er sönn og segir frá fólki og atburðum sem áttu sér stað í alvörunni fyrir langa löngu, í fortíðinni.
- Fyrir mörgum árum síðan bjó fólk í torfbæjum sem voru byggðir úr torfi og grjóti en ekki steypu, málm og gleri eins og í dag. Umræður er hægt að tengja við heimsókn í Árbæjarsafnið og Árbæ.
- Löngu áður en steinsteypu húsin voru byggð í Breiðholti bjuggu bóndi og húsfreyja á sveitabænum Breiðholti. Sveitabærinn var nefndur eftir stóra og breiða holtinu sem bærinn var byggður undir.
- Bærinn var byggður úr torfi, grjóti og timbri og þar bjó fólk í mörg hundruð ár. Þau ræktuðu landið í kring og höfðu m.a. kýr, kindur, hesta og hænur. Síðar var bærinn endurbættur og byggð timburhús sem voru klædd með bárujárni.

## Í vettvangsferð í Breiðholti

- Farin er gula gönguleiðin og haldið sem leið liggur að bæjartóftum gamla Breiðholtsbæjarins.
- Farið inn á svæðið og staldrað við upplýsingaskilti um tóftirnar og skoðaðar myndir af bænum eins og hann var.
- Tóftirnar rannsakaðar og reynt að gera sér í hugarlund hvar húsin stóðu.
- Allir leggjast í grasið og ímynda sér að við ferðumst aftur í tímann þegar engin tré og engin hús voru í kring - bara móinn í og túnin.
- Spyrja hverjir bjuggu á bænum og hvað þeir störfuðu við?
- Hvað borðaði fólk sem bjó á bænum?
- Sváfu allir í sér rúmi og ætli það hafi verið kalt á næturnar? Voru ofnar í húsinu?
- Var hægt að skrífa frá krana og fá vatn til að drekka?
- Hvert ætli fólk hafi þurft að fara til þess að ná í vatn til þess að drekka, elda, baða sig og þvo þvott?



Mynd 76: Við tóftir gamla Breiðholtsbæjarins.



Mynd 77: Seljalækurinn á miðsvæði Seljahverfis.



- Haldið niður að læknum í Seljadalnum. Fólkið á bænum hefur eflaust sótt sér vatn í lækinn.
- Dvalið við lækinn og hægt að fara í ýmsa leiki. Ath. alltaf að fara varlega í kringum vatn - sama hversu lítið það er.
- Hægt að ganga til baka eða halda upp að Seljatjörn og fara út í Ævintýraeyjuna.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Rifja upp muninn á skáldsögu og sannri sögu.
- Hvað var að sjá í tóftum gamla Breiðholtsbæjarins. Voru hús?
- Af hverju þurfti fólkið sem bjó í Breiðholti í gamla daga að sækja vatn í lækinn?
- Skoða ljósmyndir úr ferðinni og teikna myndir.



Mynd 78: Á rauðu gönguleiðinni.



Mynd 79: Miðsvæði Neðra-Breiðholts.

# Verkefni tengd umhverfi og landslagi í Breiðholti

## Undirbúningur

- Hvað er landslag? Er hægt að syngja landslag?
- Landslag lýsir því hvernig landið liggur. Er skógur á landinu, hólar og hæðir, dalir eða fjöll?
- En hvað er umhverfi?
- Allt það sem er umhverfis mann. T.d. er hægt að rýna í umhverfið á leikskólalóðinni og umhverfið heima.

## Í vettvangsferð í Breiðholti

- Farin er rauða gönguleiðin.
- Haldið af stað í göngu upp á Breiðholt.
- Þegar komið er að miðsvæði Neðra-Breiðholts er hægt að dvelja þar við leik, t.d. á túninu við hólinn.
- Styrkja umhverfislæsið og spyrja t.d. hvort gengið hafi verið upp eða niður brekku til þess að komast þangað.
- Spyrja hvernig umhverfið er á miðsvæðinu? Hvað eru mörg hús eða mörg tré?
- Hvernig liggur landið? Er það í brekku eða slétt? Fyrir utan hólinn þá er það allt slétt.
- Haldið áfram og farið upp brekkuna í móanum/skóginum.
- Einhver góður staður fundinn inni í skóginum til þess að dvelja á. Spurt hvernig umhverfið sé núna, eru mörg hús eða mörg tré?
- Loka augunum og segja frá hvaða hljóð við heyrum.
- Spyrja hvernig landið liggur núna.
- Gengið áfram upp á Breiðholt þar til komið er að enda malbikaða stígsins áður en gengið er inn á milli húsanna. Þaðan er ágætt útsýni yfir landslagið fyrir neðan.



Mynd 80: Mörg leiksvæði er að finna á og við miðsvæði Neðra-Breiðholts.



Mynd 81: Móinn/skógurinn milli Neðra- og Efra-Breiðholts.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Hvers vegna ætli Breiðholt heiti þessu nafni?
- Hvernig lítur Breiðholt út? Er það dalur eða vatn?
- Hvernig umhverfi er í Breiðholti?
- Þurfti að ganga upp brekkur til þess að komast upp á Breiðholt? Var það erfitt?



Mynd 82: Lítil og stór hús - timburhús og steinsteypt hús.



Mynd 83: Andstæður!.

# Verkefni tengd mismunandi húsagerðum í Breiðholti

## Undirbúningur

- Fjalla um muninn á byggingum í umhverfinu í kringum okkur.
- Hver er t.d. munurinn á byggingunni sem hýsir leikskólann og húsinu sem við eigum heima í - hver er munurinn?
- Munurinn á húsi barns A og barns B í hópnum.
- Það eiga ekki allir heima í eins húsum, þau eru eiginlega eins misjöfn eins og þau eru mörg.
- Sum húsin eru á einni hæð og sum á mörgum hæðum.

## Í vettvangsferð í Breiðholti

- Farin er græna gönguleiðin og ljósgræni hlutinn við hana.
- Börnunum bent á allar þær margvíslegu byggingar sem þau sjá á leiðinni.
- Benda á hvað skilur húsin að. Er það hæðin á þeim, formið, liturinn, áferðin, gluggarnir o.s.frv.
- Inn á milli blokkanna í Fellahverfinu er að finna nokkur andrými með leiktækjum. Þar er tilvalið að staldra við og leika sér í smá stund.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Tilvalið er að nota einingakubbana til þess að rifja upp fjölbreytileika húsanna.
- Börnin fá það verkefni að byggja mismunandi hús úr einingakubbunum.
- Yfirleitt er best að börnin fái að vera frekar frjáls í því hvernig þau leysa verkefnið.
- Sjá t.d. lokaritgerð Elvu Önundardóttur í náms- og kennslufræði við Háskóla Íslands frá árinu 2011.



Mynd 84: Útsýni frá Breiðholti.



Mynd 85: Útsýni yfir alla borgina!



# Verkefni tengd útsýni í Breiðholti

## Undirbúningur

- Hvað er útsýni?
- Hvernig er útsýnið út um gluggann á leikskólanum?
- Hefur fuglinn fljúgandi meira eða minna útsýni heldur en við þegar við erum inni í leikskólanum?
- Þegar maður fer upp á fjöll eða hóla, er þá meira útsýni þar heldur en fyrir neðan fjöllin eða hólinn?
- Þegar maður stendur uppi á hól eða er á efstu hæð í fjölbýlishúsi þá hefur maður betri yfirsýn yfir það sem er fyrir neðan og útsýnið er betra.
- Mörgum finnst mjög mikilvægt að hafa fallett útsýni, t.d. yfir hafið og í átt að fjöllum.

## Í vettvangsferð í Breiðholti

- Farin er bláa gönguleiðin.
- Þegar komið er út úr strætó byrgja trén í skóginum að mestu útsýnið yfir borgina.
- Ganga eftir malarstígnum þar til útsýni opnast yfir borgina, sjóinn og fjöllin.
- Hægt að ræða um það hvernig landið liggur, sbr. verkefnið um umhverfi og landslag.
- Spyrja börnin hvað þau sjá. Þau ættu að sjá allar byggingarnar og hvernig borgin teygist til allra átta. Þau ættu að sjá fjöllin t.d. Esjuna, Skarðheiðina og Akrafjall. Þau ættu að sjá sjóinn og Elliðaárdalinn og Elliðaárnar.
- Spyrja hvort útsýnið sé fallett og hvað sé þá fallett við það. (Heimspekipælingar um fegurð og koma því að hvað fegurð getur verið mismunandi fyrir hvern og einn.)
- Teikna myndir af útsýninu, hugsanlega með hliðsjón af verkefninu um sjóndeildarhringinn eða taka ljósmyndir af útsýninu.
- Tilvalið er að dvelja í móanum/skóginum við leik og borða nestið.
- Gengið niður malargöngustíginn þar til komið er að stíflunni. Staldráð við og bent á hvar við vorum áðan og hvernig útsýnið hefur breyst síðan.
- Gengið yfir stífluna eða niður í Indíanagil og athugað hvernig útsýnið hefur breyst og benda á hvar við vorum þegar útsýnið og yfirsýnin var sem mest.



Mynd 86: Móinn eins og hann var áður en byrjað var að gróðursetja tré.



Mynd 87: Blokkirnar og einbýlishúsin í Hólunum og skógurinn/móinn í séð frá Elliðaárstíflu.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Rifja upp ferðina og spyrja hver sé munurinn á útsýninu út um gluggan á leikskólanum eða útsýninu yfir borgina.
- Vinna með ljósmyndirnar sem voru teknar eða skissurnar sem voru teiknaðar.
- Fá börnin til að teikna hluta af útsýninu sem þau sáu, t.d. Elliðaárnar, Esjuna eða einhver ákveðin hús. Hægt að nota ljósmyndir við að velja viðfangsefni.



Mynd 88: Elliðaárdamur að framan.



Mynd 89: Elliðaárdamur að aftan.

# Verkefni tengd vatninu og orkunni í Breiðholti

## Undirbúningur

- Fjalla um vatnið og nauðsyn þess. Til eru nokkrar fræðibækur um vatn sem hægt er að nálgast á bókasafni.
- Við þurfum öll að drekka vatn, það er okkur nauðsynlegt til þess að lifa. Það er auk þess mjög holt og svalandi.
- En hvaðan kemur vatnið? Fjalla um hringrás vatnsins og sérstaklega um árnar og lækina.
- Fjalla um rafmagnið sem orku.
- Við þurfum rafmagn m.a. til þess að hafa ljós inni og úti, elda matinn og baka kökur.
- Í hvað fleira þurfum við að nota rafmagn?
- Hvernig er rafmagn búið til?
- Á vef Orkuveitu Reykjavíkur er að finna upplýsingar og fræðslu um vatn, umhverfi og raforku. <http://www.or.is/Umhverfiogfraedsla/>
- Þá er líka tilvalið að fara í sérstaka heimsókn í Orkuveituna.
- Svo er líka hægt að fjalla um hvernig maður siglir á vatni í bátum og öðru. Hægt að búa til báta eða annað sem hægt er að láta fljóta og sigla.

## Í vettvangsferð í Breiðholti

- Farin er bláa gönguleiðin.
- Ef farið er í ferðina um vetrarmorgun er hægt að fjalla um götulýsingu og lýsingu í húsum og skoða blokkirnar að utan og telja hvað eru kveikt ljós í mörgum gluggum. Þurfum við að hafa kveikt svona mörg ljós?
- Þegar horft er yfir Elliðaárdalinn og borgina sjást Elliðaárnar vel og hvernig stíflan byggir upp uppistöðulónið yfir vetrartímenn.
- Upptök Elliðaáanna eru úr Elliðavatni og það má sjá t.d. frá Fella- og Hólakirkju ef farin er appelsínugula gönguleiðin.



Mynd 90: Elliðaárnar.



Mynd 91: Elliðaárdalurinn

- Einnig sést vel hvar Elliðaárnar enda, þ.e. úti í sjó. Minnst aftur á hringrás vatnsins í því samhengi - uppgufun, rigning, vatn, ár og aftur út í sjó.
- Þegar komið er niður að stíflunni er hún skoðuð. Gaman að bera saman þegar hún er í notkun á veturnar og ekki í notkun á sumrin.
- Vatnið rennur yfir stífluna eins og vatnið sé að leika sér í rennibraut.
- Gengið yfir stífluna og að þeim stað sem vatninu er veitt inn í rör sem fer með það niður brekkuna og inn í rafstöðina þar sem vatnið snýr rafmótorunum sem búa til rafmagnið.
- Upplagt að gefa öndunum gamla afgangsbrauðið úr eldhúsinu í leikskólanum.
- Staldráð til að athuga hvort enn sjáist ljós í gluggum blokkanna. Sennilega er búið að slökkva þau öll. En er ennþá kveikt á ljósastaurunum?
- Gengið undir Höfðabakkann og niður með Rafstöðvarvegi. Rörið liggur meðfram veginum og er hulið með grasi.
- Hér er hægt að halda áfram niður að Rafveitunni og hugsanlega fá leiðsögn um húsið, annars er líka hægt að kíkja á gluggana og sjá hvar vatnið rennur aftur út í árnar eftir að það hefur farið í gegnum rafmótora Rafstöðvarinnar.
- Húsið sjálft er sérstaklega fallegt með skemmtilegum gluggum.
- Ef ekki var farið niður að Rafstöðinni þá haldið niður í dalinn og í skóginn eða Indíánagil.
- Í Indíánagili er tilvalið að leika t.d. með báta eða annað sem flýtur og láta sigla í ánni.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Rifja upp ferðina.
- Skoða aftur myndband eða verkefni af heimasíðu Orkuveitunnar.
- Rifja upp hringrás vatnsins.
- Skoða myndir úr ferðinni.
- Fjalla um ljós og rafmagn. Minna á að skrúfa alltaf fyrir vatnskranann og slökkva ljósið í herberginu þar sem enginn er að leika sér, því annað er óþarfa eyðsla á rafmagni og vatni.



Mynd 92: Í móanum/skóginum.



Mynd 93: Lággróðurinn er líka athyglisverður t.d. blóðberginu



# Verkefni tengd gróðrinum og skóginum í Breiðholti

## Undirbúningur

- Fjalla um skógrækt og að hún sé tiltölulega ný á Íslandi.
- Kennarinn verður að þekkja til eða að vera búinn að kynna sér lítilsháttar nöfn og útlit nokkurra trjáplantna og runna í umhverfinu.
- Fjalla um mismunandi tegundir gróðurs, þ.e. tré, runna, blóm og gras.
- Hver er munurinn á tré og runna?
- Eru öll tré eins?
- Eru þau græn allan ársins hring?
- Það eru líka smágerðar jurtir í móanum t.d. blóðberg og ljónslappi.
- Fjalla um nokkrar tegundir íslenskra blómjurta sem finnast víðast hvar.
- Fjalla um ólíkar gerðir af stráum.
- Fjalla um lúpínuna og muna að nefna það jákvæða við hana þegar börn eru með í för, t.d. að hún undirbýr og bætir jarðveginn ásamt því að vera falleg á litinn.
- Rifja upp söguna um Rauðhettu og hvernig hún fór út af stígunum til þess að tína falleg blóm. Við ætlum að fara út af stígunum og skoða hvað er að sjá þar - en við hittum engann úlf því þeir eru ekki til á Íslandi! En áin og tjarnirnar geta verið varhugaverðar (eins og úlfurinn) og því verður að fara varlega í kringum þær svo maður detti ekki út í.

## Í vettvangsferð í Breiðholti

- Farin er appelsínugula gönguleiðin.
- Í móanum á leiðinni er að finna mikinn fjölda af mismunandi trjám og jurtum eftir því á hvaða árstíma farið er í ferðina.
- Er gróðurinn mismunandi eftir því hvort gengið er eftir malbikaða göngustígnum eða malargöngustígnum?
- Ekki halda sig á stígunum eingöngu, heldur hvetja börnin til þess að fara út fyrir stíginn og kanna umhverfið.



Mynd 94: Lúpínan er fagurblá.



Mynd 95: Maður þarf alltaf að fara varlega við tjarnir, ár og vötn.

- Er einhver sérstakur gróður í kringum settjarnirnar eða á bökkum árinna? Minna á að fara sérstaklega varlega við vatn.
- Kenna börnunum að þekkja muninn á nokkrum tegundum trjáa og jurta. Hægt að endurtaka nokkrum sinnum í gönguferðinni eða ef gönguferðin er farin aftur seinna.
- Taka ljósmyndir í ferðinni.
- Taka laufblöð af mismunandi trjám og láta börnin skissa þau á staðnum.
- Taka með nesti og setjast í græna lautu einhversstaðar fyrir utan stíginn.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Rifja upp ferðina
- Rifja upp með ljósmyndum nöfnin á nokkrum tegundum trjáa og jurta.
- Hægt að þurrka laufblöðin sem voru týnd af trjánum og vinna meira með þau.
- Tilvalið að fara þessa leið nokkrum sinnum yfir árið og sjá hvernig gróðurinn og umhverfið breytast í takt við árstíðirnar.



Mynd 96: Á stiklunum út í Ævintýraeyjuna í Seljatjörn.



Mynd 97: Trjágróður.

# Fjölnota gönguleið í Breiðholtinu

Fjölnota gönguleið er hægt að útbúa í hvaða hverfi sem er. Hugmyndin er sú að fara alltaf sömu gönguleiðina t.d. einu sinni í mánuði eða oftár og læra alltaf eitthvað nýtt í hverri ferð. Á þennan hátt er athyglisgáfa barnanna ræktuð og umhverfisvitund þeirra eflað. Börnum er einnig eðlislægt að nota endurtekningar til þess að læra og skilja lífið og tilveruna.

## Undirbúningur

- Kennarinn ákveður til stutta gönguleið í nágrenni leikskólans sem tekur að hámarki klukkutíma að ganga.
- Gott er að reyna að setja hana þannig upp að hún fari í gegnum fjölbreytilegt umhverfi.
- Taka myndavélina alltaf með!

## Í vettvangsferð í Breiðholti

Tilgangurinn með vettvangsferðinni er m.a. að:

- Þjálf börnin í að ganga saman í hóp í gönguferðum.
- Skrásetja og upplifa hvernig umhverfið breytist eftir því hvaða árstíð er eða hvernig veðrið er.
- Fjalla alltaf um eitthvað eitt nýtt hugtak eða fyrirbæri í hverri ferð.
- Stór og lítill - geta verið hús, tré, steinar, götur, ljósastaurar.
- Andstæður eða fjölbreytileiki - geta verið mismunandi strætóskýli, mismunandi hús, munurinn á trjátegundum eða einu ákveðnu tré á milli árstíða.
- Húsnúmer - tengja það við tölustafi og verkefni tengd þeim. Notað reiknivél og leggja saman öll húsnúmerin sem við skrifuðum niður í ferðinni.
- Litir - mismunandi litir á öllu í umhverfinu, eða að taka mynd af öllu því rauða sem við sjáum í einni ferð og svo öllu bláu sem við sjáum í næstu ferð.
- Götuheiti - tengja við bókstafi. Götuheiti hafa oft sömu endingu, í Hólavegi heita göturnar eftir mismunandi fuglum og enda á -hólar, sbr. Fýlshólar og Lóuhólar.



Mynd 98: Göngustígur milli blokka og raðhúsa við Vesturberg.

- Gróður - finna öll grenitré eða reynitré á leiðinni og fylgjast með þeim breytast.
- Dýralíf - væntanlega oftast fuglar sem gaman er að þekkja bæði útlit þeirra og hljóð. Hægt að heyra fuglahljóð á : <http://www.fa.is/deildir/Liffraedi/vefsida/fugla.html>
- Vera opin fyrir öllum hugmyndum til þess að rannsaka og ekki gleyma að hlusta á börnin og heyra hvað þau eru að uppgötva og hugsa um.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Rifja upp gönguferðirnar.
- Hugsanlega hafa dagbók fyrir þessa sérstöku gönguleið, þar sem er skrifað hvað gerðist í sérhverri ferð. Lesa reglulega upp úr henni og ræða um hvað gerist í þessari og hinni ferðinni og efla minnið.
- Vinna áfram með það sem var gert í ferðinni og tengja það inn í starfið t.d. bókstafi, tölustafi, andstæður, hugtök o.s.frv.



Mynd 99: Oft er margt um manninn í Laugardal.



Mynd 100: Við Þvottalaugarnar.



# Laugardals- og Langholtshverfi

## Helstu svæði í Laugardals- og Langholtshverfi

Hverfahlutarnir kringum Laugardalinn eru mörg og fjölmenn. Þau eru t.d. Tún, Teigar, Lækir, Laugarnes, Sund, Heimar, Langholt, Vogar, Skeifan og Fen. Til einföldunar er þessi kaffi kallaður Laugardals- og Langholtshverfi. Í hverfinu er mikið mannlíf og margir borgarbúar eiga erindi í þangað, sérstaklega í Skeifuna, sem er eitt helsta verslunarsvæði Reykjavíkur og Borgartúnið sem er stærsta miðstöð viðskipta og atvinnulífs í borginni. Í Laugardalnum sjálfum er eitt fjölbreyttasta og stærsta samfellda íþrótt- og útivistarsvæði borgarinnar. Í Laugarneshverfi eru fjölmargar stytur og önnur kennileiti. Ber þá helst að nefna höggmyndagarðinn við Ásmundarsafn, turninn í Borgartúni, Laugardalshöll og fjölbýlishúsin við Austurbrún og Sólheima. Í Laugardalshverfi er mikið um gróna garða, bæði einkagarða og almenningsgarða, t. d. Grasagarð Reykjavíkur og Rósagarðurinn fyrir neðan Sunnuveg. Þar eru einnig allskonar byggingar, stórar, litlar, nýjar og gamlar, litríkar og gráar. Elsti byggði hluti Laugardalshverfisins er líklega Laugarnesið. Í Njálu er sagt að Hallgerður langbrók hafi búið í Laugarnesi eftir dauða manns síns, Gunnars á Hlíðarenda. Þar er nú hægt að sjá móta fyrir ýmsum minjum, bæði frá fyrri tíð og seinni. Í hverfinu eru átta leikskólar, fjórir grunnskólar og einn menntaskóli.

## Garðar og opin svæði í Laugardalshverfunum

**Viðey** er ein af perlum Reykjavíkur. Náttúran, fuglalífið og minjar um sögu og menningu gera eyjuna mjög spennandi. Fræðsluskilti eru staðsett víðsvegar um eyjuna og á þeim má finna upplýsingar um náttúru og sögu staðarins. Hægt er að fá lánuð hjól í eyjunni. Ferjusiglingar út í Viðey eru frá Skarfabakka við Sundahöfn. [www.elding.is](http://www.elding.is) og [www.videy.com](http://www.videy.com). Tilvalið er að taka með sér nesti, ganga um eyjuna, kíkja niður í fjöru og skoða fuglalífið.

**Þvottalaugarnar og túnið neðan við Áskirkju** ●● Þvottalaugarnar eru heitar laugar sem húsmæður og vinnukonur í Reykjavík notuðu til að þvo þvott í frá því að Reykjavík varð þéttbýli og allt fram á 20. öld. Þvottalaugarnar eru nú þurrar og upp úr 1930 dró úr notkun þeirra þegar Laugarveitan var virkjuð, en virkjunin markaði upphaf hitaveitu í Reykjavík. Á útivistarsvæðinu í Laugardal er hægt að



Mynd 101: Í garðskála Grasagarðsins.



Mynd 102: Verk Sigurjóns Ólafssonar myndlistarmanns í Laugarnesi.

skoða ummerki frá tíma Þvottalauganna. Þar eru fræðsluskilti um sögu lauganna og minnisvarði um framlag Thorvaldsenskvenna sem afhjúpaður var 19. nóvember 2005. Útilistaverkið Þvottakona (1958) eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara stendur í Laugardalnum til minningar um vinnu þvottakvennanna. Túnið neðan við Áskirkju er stórt og opið svæði. Þar hafa farið fram víðavangshlaup og einnig hafa verið haldnir tónleikar þar, m. a. árið 2008 þegar Björk og SigurRós héldu úti tónleika fyrir alla þá sem vildu hlýða á. Þar er líka skemmtilegur og óvenjulegur leikvöllur þar sem hægt er að hlaupa upp og niður hóla og enda á útsýnispalli með útsýni yfir Laugardalinn og Reykjavík.

**Grasagarðurinn** ● Grasagarður Reykjavíkur er safn lifandi plantna og þurrkaðra tegunda. Þar eru óteljandi tegundir af trjám, runnum, grösum, burknum, fjölæringum og sumarblómum. Þar er lögð stund á fræðslustarfsemi og rannsóknir á sviði grasafræði, garðmenningar og garðyrkju. Tilvalið er að ganga um garðinn og skoða gróðurinn, taka með sér nesti og setjast við tjörnina. Starfsfólk grasagarðsins tekur á móti leikskólabörnum í fræðslu um ýmislegt sem tengist gróðri og ræktun. Sími 411-8650. <http://grasagardur.is/>

**Laugarnesið** ● er nefnt í Njálu, en Hallgerður langbrók bjó þar eftir víg Gunnars á Hlíðarenda. Talið er að Hallgerður sé grafin þar í fyrsta kirkjugarði í Reykjavík. Laugarnes var bújörð nokkuð fram á nítjándu öld. Byggð fór að myndast í Laugarnesi um 1930 og á stríðsárunum var þar stór herskálabyggð sem var kölluð Laugarneskampur. Á Laugarnesinu er ýmislegt að skoða og það er góður staður til útivistar. Þar er að finna nokkurn fjölda fornminja, þar af eru tvær friðlýstar, bæjarhóllinn og kirkjugarðurinn. Laugarnesstofa stóð nálægt Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og þar stóð einnig Holdsveikraspítalinn en tilhöggur steinar úr grunni hans marka nú bílastæði listasafnsins. Ennfremur má sjá merki um fornar leiðir og ýmsar stríðsminjar á nesinu. Í Laugarnesi má sjá menningarlandslag, þ.e. landslag sem hefur mótast af búsetu fólks, allt frá landnámi til dagsins í dag. Þar er líka falleg náttúra, sérkennilegar klettamyndanir og óspillt fjara sem er líklega sú eina sem eftir er á norðurströnd Reykjavíkur.

## Styttur í Laugardalshverfunum


Fjölmargar styttur eru víðsvegar um Laugardals- og Langholtshverfi, þessar eru helstar:

**Þvottakonan** ● við Þvottalaugarnar eftir Ásmund Sveinsson frá 1958.

**Systur** ● í Grasagarðinum eftir Ásmund Sveinsson frá 1963.

**Móðir Jörð** ● í Grasagarðinum eftir Ásmund Sveinsson frá 1963.

**Barnið og fiskurinn** við Laugarnesskóla eftir Ásmund Sveinsson frá 1945.



Mynd 103: Í höggmyndagarði við Ásmundarsafn.

**Fuglinn Fönix** ● við Hátúni 6a eftir Ásmund Sveinsson - 1963.

**Höggmyndagarður** við Ásmundarsafn. Þar er að finna fjölda styttna og garðurinn er almenningsgarður.

**Hermes, sendiboði guðanna** ● við Skúlatún eftir Lysippos frá um 300 f.Kr.

**Öndvegissúlur** ● fyrir framan Höfða eftir Sigurjón Ólafsson frá 1971.

**Sjómaðurinn** ● við aðalinngang Hrafnistu eftir Sigurjón Ólafsson frá 1947.

**Blómgun** fyrir framan Menntaskólann við Sund eftir Sigurjón Ólafsson frá 1978.

**Porfinnur karlsefni** ● við Hrafnistu eftir Einar Jónsson frá 1945.

**Hyrningar VI** ● á „Rauða torginu“ á horni Langholtsvegar og Álfheima, eftir Hallstein Sigurðsson frá 1975.

**Öndvegissúlur** fyrir framan Höfða eftir Sigurjón Ólafsson frá 1971.

**Án titils** ● við Laugatungu í Grasagarðinum eftir Helga Gíslason frá 1982.

**Fyssa** ● í Grasagarðinum eftir Rúrí frá 1995.

**Brynnir** ● (vatnsbrunnur) í Grasagarðinum eftir Rúrí frá 1995.

**Minnismerki um Eirík Hjartarson** ● í Grasagarðinum eftir Ragnar Kjartansson, án ártals.

**Gísli Halldórsson arkitekt** við skrifstofur ÍSÍ eftir Ragnhildi Stefánsdóttur frá 1986.

**Albert Guðmundsson** við Laugardalsvöll eftir Helga Gíslason frá 2010.

**Sjómaður** ● ● bak við Íslandsbanka á Kirkjusandi eftir Jónas S. Jakobsson frá 1960

**Konan með strokkinn** ● ● fyrir framan Íslandsbanka á Kirkjusandi eftir Ásmund Sveinsson frá 1934.

## Merkilegar byggingar í Laugardals- og Langholtshverfi

**Laugardalsvöllur** ● er þjóðarleikvangur Íslendinga. Þar er allflestir landsleikir í fótbolta spilaðir bæði hjá kvenna- og karlalandsliðinu. Þar eru sæti fyrir 9800 manns og stæði fyrir 5200 manns í kringum fótboltavöllinn. Hringurinn í kringum völlinn heitir sporbaugur og er eins og kraminn hringur. Sími 510 2915. <http://www.ksi.is/mannvirki/laugardalsvollur>

**Laugardalshöllin** er stór íþrótt- og ráðstefnuhöll í Laugardal. Í Laugardalshöll er aðstaða fyrir allskonar íþróttaiðkun og þar leikur handboltalandsliðið flesta heimaleiki sína. Þar eru líka haldnar allskonar tónleikar og sýningar. Þakið á Laugardalshöll er dálítið skrýtið og minnir helst á öfuga skál. Sími 5853300. <http://www.ish.is>

**Skólphreinsistöðin** ● ● er til að hreinsa vatnið sem fer niður í klósettin okkar áður en það fer út í sjó. Svo eru löng, löng rör sem liggja langt, langt út í sjó og þar kemur kúkurinn okkar og pessið út í sjóinn. Stöðin er skritin í laginu - eins og eldfjall. Af hverju þarf að spýta kúknunum svona langt frá landinu?



Mynd 104: Höfði.



Mynd 105: Áhorfendastúka við Laugardalslaug.

**Gróðurhúsið í Grasagarðinum** ● er opið fyrir allan almenning og þar er líka salernis- aðstaða. Eru öðruvísi plöntur þar inni en úti? Eru einhver dýr þar inni? Opið kl. 10:00-22:00 alla daga frá maí til september.

**Áskirkja.** ● Þaðan er mikið útsýni yfir alla borgina. Í anddyrinu á Áskirkju eru gamlar glermyndir úr kirkju í Englandi. Myndunum var bjargað úr ensku kirkjunni þegar sprengjuárás var gerð á borgina sem þær voru í. Svo voru þær fluttar út í sveit í Englandi og seinna seldar íslensku fólki sem gaf kirkjunni myndirnar. Hvernig er hægt að byggja hús í svona brekku? Hvað er gert í kirkjum? Síma 581 4035 eða 588 8870. <http://askirkja.is/>

**Menntaskólinn við Sund.** Þar fara unglingarnir í skóla þegar þeir eru búnir í grunn- skóla. Það eru skrítnar línur utan á húsinu sem minna á fuglafætur. Af hverju eru engin leiktæki á lóðinni? Sími 580 7300. <http://www.msund.is/>

**Ásmundarsafn** við Sigtún ●● heitir eftir listamanninum Ásmundi Sveinssyni Ásmund- ur sjálfur lét byggja þetta hús. Þegar hann teiknaði það var hann að hugsa um pýramída í Egyptalandi og kúluhús í Arabalöndum. Inni í húsinu eru allskonar stytur og líka allskonar form á gluggum, veggjum og ljósum. Sími 590 1200 eða netfang: [fraedsludeild@reykjavik.is](mailto:fraedsludeild@reykjavik.is).

<http://listasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-2174/3435-read-6299/>

**Turninn** við Borgartún ● er 19 hæða hár (70 m) og er þriðja hæsta bygging á Íslandi á eftir turninum við Smáratorg (77,9 m) og Hallgrímskirkju (74,5 m). Himinninn speglast vel í turninum og af honum kemur mikill skuggi.

**Höfði** ● er sögufrægt hús sem var byggt fyrir franskan ræðismann árið 1909. Skáldið Einar Benediktsson bjó þar um tíma og líka Louisa Mattíasdóttir sem var fræg listakona. Talið er að þar sé draugagangur. Þar hittust líka Gorbatsjov, forseti Rússlands og Reagan, forseti Bandaríkjanna, og lögðu grunninn að lokum Kalda stríðsins. Í dag er húsið móttökuhús borgarstjórnar Reykjavíkur og þar tekur borgarstjórinn á móti innlendum og erlendum gestum.

**Viðeyjarstofa og Viðeyjarkirkja.** Viðeyjarstofa er stórt, gamalt steinhús í Viðey á Kolla- firði. Hún er elsta hús Reykjavíkur og jafnframt elsta steinhús Íslands. Hún var byggð á árunum 1753-1755 sem embættisbústaður fyrir Skúla Magnússon land- fógeta. Við hlið Viðeyjarstofu stendur Viðeyjarkirkja, sem Skúli lét reisa nokkrum árum síðar. Íslenska ríkið gaf Reykjavíkurborg Viðeyjarstofu árið 1986 á 200 ára afmæli borgarinnar og voru þá gerðar umtalsverðar endurbætur á húsinu og breyt- ingar til að það gæti nýst sem veitingahús.

**TBR húsið** er í jaðri Laugardals. Þar er spilað og æft badminton og borðtennis. Húsið er mjög skrítið í laginu. Afhverju ætli það sé? Sími 581 2266. <http://tbr.is/>

**Laugarneskirkja.** ● var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni húsasmíðameistara, en hann teiknaði líka Þjóðleikhúsið og Hallgrímskirkju. Kirkjan var vígð þann 18. desember árið 1949. Sími: 588 9422. <http://laugarneskirkja.is>



Mynd 106: Hrafnista.



Mynd 107: Áskirkja.



**Langholtskirkja** ● var vígð árið 1984. Þar eru oft haldnir tónleikar og aðrir listviðburðir. Þar inni er mjög flott pípuorgel og fallegir marglitir steingluggar sem gaman er að skoða. Sími 520 1300. <http://kirkjan.is/langholtskirkja/>

**Skautahöllin.** ● er með stóru íssvelli inni. Þar er hægt að fara og renna sér á skautum og æfa íshökkí og listdans á skautum. Sími 588 9705. <http://skautahollin.is/>

**Þjónustuhús tjaldsvæðiðsins í Laugardal** ● er skrýtin bygging með torfpaki. Þar hafa ferðamenn við þegar þeir tjalda á tjaldsvæðinu í Laugardal. Húsið er skírskotun í íslenska torfbæinn og hannað af Mannfred Vilhjálmsyni. Á bak við þjónustumiðstöð tjaldsvæðisins er líka nestisaðstaða og útieldunaraðstaða. Þar þvo ferðamennirnir fötin sín og vaska upp eftir sig. Farfuglaheimilið er lokað frá 15. september til 15. maí. Sími 568 6944. <http://www.reykjavikcampsite.is/>

**Laugarnesskóli** er skóli fyrir krakka sem eru 6 til 12 ára. Hann er einn af elstu skólum landsins. Þar er fínt listaverka- og náttúrugripasafn. Í Laugarnesskóla er mikið lagt upp úr því að viðhalda gömlum hefðum. Sími 411 7444. <http://laugarnesskoli.is/>

**Grand Hótel turninn** við Sigtún var byggður árið 2007. Í turninum er hótel en á hóteli gistir fólk sem er á ferðalagi um Ísland.

## Söfn og stofnanir í Laugardals- og Langholtshverfi

**Hrafnista dvalarheimili aldraða á Laugarási.** Hrafnista í Reykjavík er hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða. Á Hrafnistu búa 250 heimilismenn á vistheimili og hjúkrunardeildum. Þar er líka boðið upp á hvíldarinnlögn. Hvíldarinnlögn er þegar gamalt fólk fer til að hvíla sig þegar það er veikt og getur ekki tekið til heima hjá sér, eldað mat og svoleiðis. Margir aldraðir eiga líka heima þarna í íbúðum og raðhúsum. Á Hrafnistu er oft mikið stuð og heimilismenn geta farið og hitt einhvern og spjallað, drukkið te og spilað eða farið og saumað eða skorið út í tré og ýmislegt fleira. Í gamla daga áttu heima þar 450 manns og þá voru kannski tveir í hverju herbergi. En nú fá allir sitt sér herbergi og fólk er ánægt með það. Nestisaðstaða og salernisaðstaða. Sími 585 9500. <http://hrafnista.is/>

**Ásmundasafn við Sigtún.** Listamaðurinn sem bjó til allar höggmyndirnar hét Ásmundur Sveinsson. Þegar hann var að gera stytturnar sótti hann gjarnan innblástur í þjóðsögurnar og náttúru Íslands. Það er leyfilegt að klifra og leika sér í styttunum úti garði. Af hverju er allt folkið í styttunum svona stórt og feitt? Hægt er að kynna sér margmiðlunarverkefni um Ásmund Sveinsson á vef safnsins á slóðinni: <http://listasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-2174/3435-read-6299/> Safnakennsla fyrir öll skólastigin. Nestisaðstaða og salernisaðstaða. Sími: 553 2155. <http://listasafnreykjavikur.is/>



Mynd 108: Ásmundarsafn.



Mynd 109: Í höggmyndagarði við Ásmundarsafn.

**Listaháskóli Íslands** er með útibú á Laugarnesvegi og þar lærir fullorðið fólk að mála myndir og gera listaverk. Þar er líka hægt að læra að verða myndlistakennari. Salernisaðstaða. Sími 520 2417. <http://lhi.is/>

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar** í Laugarnesi hýsir höggmyndir og teikningar eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara, ásamt heimildum um listamanninn og er miðstöð rannsókna á list hans. Þar eru líka oft haldnir tónleikar. Í garðinum fyrir utan eru líka nokkur verk eftir Sigurjón. Hægt að panta safnkynningu. Salernisaðstaða. Sími 553 2906. <http://lso.is/>

**Borgarbókasafn Reykjavíkur - Sólheimaútbú.** Hægt er að panta sögustundir og safnakynningu. Nestisaðstaða og salernisaðstaða. Sími 411 6160. <http://www.borgarbokasafn.is/>

## Áhugaverð fyrirtæki í Laugardals- og Langholtshverfi

Gaman og áhugavert getur verið að heimsækja fyrirtæki og sjá hvað gerist þar á bak við tjöldin. Einnig er mikilvægt að börn viti að atvinnustarfsemi fer fram í þeirra nánasta umhverfi. Hér er listi yfir fyrirtæki í Laugardalshverfinu sem hafa sýnt því áhuga að fá leikskólabörn í heimsókn og kynna fyrir þeim þá starfsemi sem er í gangi hjá þeim. Bent er á að hafa samband við fyrirtækið með góðum fyrirvara til að finna góðan tíma sem hentar öllum aðilum.

**Pylsumeistarinn.** Úrval af pólskum pylsum og ýmsu öðru góðgæti. Hrístateigi 47, sími 571 3915.

**Skóvinnustofa Halldórs Guðbjörnssonar.** Skóviðgerðir. Hrístateigi 19, sími 553 2140.

**Fiskbúðin Sundlaugavegi.** Fiskbúð og fiskvinnsla. Sundlaugavegi 12, sími 568 6003.

**Fiskbúðin Hafberg.** Fiskbúð og fiskvinnsla. Gnoðavogi 44, sími 588 8686.


**Bólstrun SK.** Almenn bólstrun. Langholtsvegi 82, sími 862 8421.

**Arkinn ehf - teiknistofa.** Arkitektastofa og innanhúsarkitektastofa. Langholtsvegi 111, sími 552 5868.

**Beco myndavélaviðgerðir.** Ljósmyndavöruverslun og myndavélaviðgerðir. Langholtsvegi 84, sími 533 3411.

**Saumastofa Dóru.** Alhliða saumavinna á fatnaði. Engjateigi 17, sími 552 1388.

**Hljóðver.is** Hljóðver og hljóðvinnslustúdíó. Langholtsvegi 60, sími 896 1013. [jonas@hljodver.is](mailto:jonas@hljodver.is) <http://www.hljodver.is/www/>



Mynd 110: Gula gönguleiðin

## ● Gula gönguleiðin

- Leiðin hefst við strætóbiðstöðina við Sunnutorg (leið 14).
- Gengið eftir Laugarásvegi að göngustíg sem liggur upp að Áskirkju.
- Hægt er að leika sér í móanum fyrir ofan Áskirkju ef tími gefst til.
- Gefið ykkur tíma til að skoða útsýnið frá kirkjunni og yfir borgina.
- Gengið meðfram Vesturbrún að Brúnavegi og upp að Norðurbrún.
- Gengið í gegnum lóð Hrafnistu í Reykjavík og e. t. v. litið inn til gamla fólksins.
- Aftur er haldið að Brúnavegi og gengið niður að Farfuglaheimilinu við Sundlaugarveg. Þar er hægt að skoða tjaldsvæðið og sjá ferðalanga.
- Gengið er meðfram Laugardalslauginni og farið yfir Sundlaugarveg.
- Gengið í átt að torginu við Hrístateig.
- Leiðin endar við strætóbiðstöðina Laugarnesvegur/Kirkjusandur (leið 12), eða við Sæbraut/Kirkjusandur (leið 5).



Mynd 111: Rauða gönguleiðin

## ● Rauða gönguleiðin

- Leiðin hefst við Hlemm (strætóleið nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 11, 12, 13, 14, 15, 17, 18, 19).
- Gengið er upp Laugavegin og inn í port milli Laugavegs og Skúlagötu.
- Þar eru leiktæki og nestisaðstaða.
- Gengið út úr portinu Skúlagötumegin, niður Skúlatún og framhjá styttunni af Hermes.
- Ganga Borgartúnið í átt að Höfða.
- Gengið upp Höfðatún að Samtúni.
- Hægt er að ganga lengra upp að Hátúni. Þar eru fleiri atvinnutengdar byggingar.
- Gengið út Samtúnið og svo framhjá höggmyndinni Bjartsýni sem er staðsett fyrir framan Smith og Norland.
- Ef Hátúnið er gengið munuð þið ganga framhjá skúlptúrnum Fuglinn Fönix eftir Ásmund Sveinsson en hann er fyrir framan hús Fönix í Hátúni.
- Gengið inn Sóltúnið og á milli blokkanna í Sóltúninu.
- Farið yfir göngubrúna og gengið í átt að Laugarneskirkju.
- Þar eru nokkur leiktæki. Tilvalinn nestisstaður.
- Þá er haldið áfram að Hofteigi
- Beygt til hægri á Gullteigi og gengið að Sigtúni
- Gengið í átt að Ásmundarsafni.
- Gengið í átt að Engjateigi og í átt að strætóstoppistöðinni við Suðurlandsbraut, (strætóleið nr. 2, 15, 17, 19)






## ● Græna gönguleiðin

- Leiðin hefst við strætóbiðstöðvarnar Héðinsgötu (nr. 5) eða Laugarnestanga (nr.12).
- Gengið út á Laugarnesið í átt að sjónum.
- Gengið meðfram strandlínunni. Farið í fjöruna.
- Gengið framhjá Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og heimili Hrafns Gunnlaugssonar.
- Gengið í átt að skolphreinsistöðinni.
- Gengið yfir Sæbraut og framhjá höfuðstöðvum Íslandsbanka á Kirkjusandi.
- Þaðan er gengið að torginu við Hrístateig.
- Gengið inn Leirulæk og þaðan til vinstri inn á leiksvæði milli húsa á milli Bugðulæks og Rauðalæks. Leikur og nesti.
- Þaðan er svo gengið inn á Rauðalækinn og milli húsa inn í andrými milli Rauðalæks, Laugarnesvegur og Kleppsvegur. Þar er róluvöllur sem hægt er að leika á.
- Gengið annan stíg yfir á Laugarnesveg.
- Þaðan er farið yfir Laugarnesveginn og að Listaháskóla Íslands.
- Leiðin endar við strætóbiðstöðvar Héðinsgötu (nr. 5) eða við Laugarnestanga (nr.12).



## ● Bláa gönguleiðin


- Leiðin hefst við strætóbiðstöðina Sægarða, við Sæbraut (leið 5, 12).
- Þaðan er gengið yfir Vatnagarða að Kleppsspítala.
- Gengið eftir malarvegi að hliði.
- Garðurinn og umhverfið skoðað.
- Gengið í gegnum hliðið og í átt að starfsmannaíbúðum Kleppsspítala.
- Á leiðinni er gaman að skoða útsýnið að Esjunni.
- Gengið út götuna við starfsmannaíbúðirnar. Þaðan er gott útsýni yfir landfyllinguna í Kleppsvík.
- Gengið eftir göngustígnum sem leiðir upp á hæðina fyrir ofan.
- Þar er útsýnisskífa og kort sem gaman er að skoða. Þá er gaman að skoða mismunandi liti á gámum og velta fyrir sér sjóndeildarhringnum.
- Gengið í átt að Sæbraut.
- Farið yfir Sæbraut og milli blokkana við Kleppsveg 126 og 128.
- Þaðan er gengið í átt að Holtavegi að leikvelli. Leikið og borðað nesti.
- Gengið í átt að strætóbiðstöðinni við Holtagarða (leið 5, 12).
- Einnig má halda áfram og tengjast fjólubláu leiðinni og ganga í átt að Miklubraut og taka strætó þaðan (leið 3, 6, 15, 18).



Mynd 114: Appelsínugula gönguleiðin

## ● Appelsínugula gönguleiðin

- Leiðin hefst á Suðurlandsbraut ofan við Engjateig (strætóleið nr. 2, 15, 17, 19)
- Gengið að Ásmundarsafni, húsið og stytturnar skoðaðar og klifrað og leikið í stytturnum.
- Gengið yfir Reykjaveg í átt að Laugardalsvelli
- Gengið eftir Þvottalaugavegi í átt að Grasagarðinum.
- Gömlu Þvottalaugarnar skoðaðar á leiðinni.
- Gengið inn í Grasagarðinn og hann skoðaður.
- Tilvalið að borða nesti.
- Gengið í gegnum Grasagarðinn og í átt að Sunnuvegi.
- Þaðan er göngustígur í átt að Holtavegi þar sem Langholtsskóli er.
- Tilvalið að taka leikpásu.
- Gengið svo meðfram skólalóðinni í átt að Álfheimum.
- Rauða Torgið skoðað.
- Gengið í átt að strætóstoppistöðinni annað hvort við Langholtsveg (strætóleið nr. 14) eða gegnum Brákarsund í átt að Sæbraut (strætóleið nr. 12 og 5)



Mynd 115: Fjólubláa gönguleiðin

## ● Fjólubláa gönguleiðin

- Leiðin hefst við strætóstoppistöðina Gerði/Miklabraut (strætóleið nr. 3, 6, 15, 18).
- Gengið í átt að leikskólanum Steinahlíð.
- Gengið þaðan í átt að Eikjuvogi.
- Eikjuvogur genginn í átt að Snekkjuvogi.
- Þaðan er farið inn á opið grænt svæði þar sem eru hólar og afgirtur róluvöllur
- Leikur og nesti.
- Þaðan er gengið meðfram bakhlið róluvallarhússins í átt að Langholtsvegi
- Gengið í átt að Langholtsvegi 122 (blokk) og beygt til vinstri.
- Gengið í átt að Skátaheimilinu og þaðan í átt að Langholtskirkju.
- Gengið niður Sólheima í átt að Álfheimum.
- Gengið að Langholtsskóla.
- Leikið á skólalóðinni.
- Gengið til baka að Álfheimum.
- Gengið í gegnum Brákarsund, framhjá Brákarborg og alla leið að göngustíg meðfram Sæbraut
- Göngustígurinn genginn í átt að strætóstoppistöðinni Vogar á gatnamótum Sæbrautar, Kleppsmýrarvegi og Skeiðarvogs (strætóleið nr. 5, 12)
- Einnig er hægt að taka strætó frá Langholtsvegi (strætóleið nr. 14).
- Einnig er hægt að halda áfram göngustíginn og enda á sömu strætóstoppistöð og lagt var upp frá (strætóleið nr. 3, 6, 15, 18).



Mynd 116: Höggmyndin Bjartsýni.



# Verkefni tengd heimsóknunum í fyrirtæki í Laugardals- og Langholtshverfi

## Undirbúningur

- Rætt um fyrirtækið sem á að heimsækja.
- Hverjir eiga erindi í svona fyrirtæki?
- Hverjir vinna í fyrirtækinu?
- Hvað er gert í fyrirtækinu?
- Semja nokkrar spurningar (4-5) sem á að leggja fyrir fólkið sem vinnur í fyrirtækinu.
- Teikna myndir af því sem gert er í fyrirtækinu.

## Í vettvangsferð í fyrirtæki í Laugardals- og Langholtshverfi


- Fyrirtækið heimsótt.
- Hlýtt á kynningu.
- Spurningar bornar upp og rætt við þann sem tekur á móti hópnum.
- Teknar myndir eða teiknaðar skissur.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Samræður um fyrirtækið og hvað sé gert þar.
- Hvað var fræðst um.
- Hvað var skemmtilegt eða skrítið?
- Teikna myndir af einhverju sem var uppgötvað um fyrirtækið.
- Myndirnar sem voru teiknaðar áður en haldið var í heimsóknina bornar saman við þær sem gerðar voru áður en fyrirtækið var heimsótt. Hver er munurinn á þessum teikningum?



Mynd 117: Við Þvottalaugarnar.



Mynd 118: Styttan af Alberti Guðmundssyni við Laugardalshöll.

# Verkefni tengd kennileitum í Laugardals- og Langholtshverfi

## Undirbúningur

- Hvað er kennileiti?
- Hvað einkennir t.d. leikskólalóðina okkar? Þar er kastali, sandkassi, rólur og kannski hóll. Þetta eru kennileiti fyrir leikskóla því varla finnum við rólur og sandkassa á elliheimilum, eða hvað?
- Fjöllin í kringum okkur eru einnig kennileiti, t.d. Esjan.
- Kennileiti eru oft föst og óhagganleg, eitthvað sem við getum treyst að verði alltaf á sama stað.
- Margir nota kennileiti til þess að rata eftir, t.d. kirkjuturn eða háhýsi sem sést víða að.
- Hús og stytur í bænum eru einnig góð kennileiti.

## Í vettvangsferð í Laugardals- og Langholtshverfi

- Fara appelsínugulu gönguleiðina og skipta yfir í gulu við Þvottalaugarnar.
- Börnin velja sér ákveðið kennileiti og taka myndir af því frá mörgum sjónarhornum. Hægt er að leyfa hverjum og einum að velja sér eitt kennileiti eða láta hópinn velja sér 2-3 kennileiti saman.
- Þegar komið er úr strætó blasir turninn á Grand Hótel við og einnig sést í turninn í Borgartúni. Báðir turnarnir eru áberandi kennileiti.
- Gengið í átt að Ásmundarsafni. Það hús er einnig kennileiti. Þar er tilvalið að skoða stytturnar og príla í þeim. Þá má koma því að að allar útistyttur eru kennileiti.
- Þegar gengið er áfram koma Laugardalshöllin og Laugardalsvöllurinn í ljós sem eru einnig mikilvæg kennileiti. Fyrir framan Laugardalsvöllin er stytta af Alberti Guðmundssyni, einum besta knattspyrnumanni Íslandssögunnar. Styttur eru líka kennileiti því maður getur sagt „hittu mig hjá styttni af Alberti“.
- Leiðin liggur í átt að Þvottalaugunum. Þær eru kennileiti og einnig stytta „Þvottakonan“ eftir Ásmund Sveinsson sem er við Þvottalaugarnar.



Mynd 119: Turninn við Borgartún endurspeglar himininn.

- Við Þvottalaugarnar er tilvalið að staldra við og borða nesti.
- Á túninu fyrir ofan Þvottalaugarnar er leikvöllur. Hann er kennileiti, því maður getur sagt „hittu mig á leikvöllinum“.
- Frá túninu blasir Áskirkja við. Hún er kennileiti sem stendur hátt yfir umhverfinu. Gengið upp að Áskirkju en þaðan er frábært útsýni yfir Reykjavík. Þaðan er hægt að sjá stærstu byggingar borgarinnar og mest áberandi kennileitin, ásamt því að skoða sjóndeildarhringinn og landslagið (sjá önnur verkefni).
- Ef gengið er upp fyrir kirkjuna koma í ljós mjög stór kennileiti, blokkirnar við Austurbrún.
- Þá er gengið að Hrafnistu, sem er líka kennileiti sem og stytta fyrir framan aðal-innganginn.
- Þaðan er gengið niður Brúnaveg í átt að Laugardalslaug sem er kennileiti ásamt farfuglaheimilinu og Laugalækjarskóla.
- Þaðan er gengið að torginu á mótum Hrístateigs og Laugalækjar. Torg geta líka verið kennileiti eða húsin sem standa við torgið.
- Frá torginu er svo haldið til baka á leikskólann.
- Þessi leið er nokkuð löng og getur verið erfið sérstaklega fyrir yngri krakkana. Mælt er með að taka góðan tíma í hana og jafnvel að gera hana að dagsferð sem er mjög skemmtilegt þegar vel viðrar. Þá er einnig hægt að stytta leiðina með því að taka strætó frá Suðurlandsbraut (leið 2, 17, 19) eftir að Þvottalaugarnar eru heimsóttar, frá Sunnutorgi (leið 14) eftir að Áskirkja hefur verið heimsótt eða frá Hrafnistu (leið 14) eða Sæbraut (leið 5, 12) eftir að Hrafnista hefur verið heimsótt.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Spyrjið börnin hvaða kennileitum þau muna eftir úr ferðinni sem farin var.
- Hvert var uppáhalds kennileitið þeirra eða flottasta kennileitið?
- Fjalla nánar um kennileitin sem börnin muna eftir og rifja upp hvernig þau voru á litinn, hvað þau voru stór, hvað var í umhverfinu í kringum þau, o.s.frv.
- Kennarinn getur t.d. reynt að teikna upp nokkur kennileiti á tússtöflu og látið börnin bæta því við sem vantar.
- Eftir það fá svo börnin það verkefni að teikna kennileitin á blað eða búa þau til úr öðrum efnivið. Endurtaka svo þetta verkefni 1-2 dögum síðar og láta þá börnin teikna á vandaðra blað og jafnvel með vandaðri litum en áður, til þess að úr verði eigulegri mynd.
- Einnig mætti útbúa póstkort úr þessum myndum, en á póstkortum sem útlendir ferðamenn senda, eru oftast myndir af kennileitum í Reykjavík eða á Íslandi.



Mynd 120: Skólphreinsistöðin.



Mynd 121: Veggjakrot (Grafiti).

- Götunöfn eru líka kennileiti. Margar götur í Laugardals- og Langholtshverfi heita eftir kennileitum eins og Þvottalaugunum (Laugateigur), Laugardalslauginni (Sundlaugavegur) og Laugarásnum (Laugarásvegur).



Mynd 122: Maja býfluga.



Mynd 123: Runnagróður er víða eftirtektarverður.



# Verkefni tengd gróðri í Laugardals- og Langholtshverfi

## Undirbúningur

- Kennarinn verður að þekkja til eða að vera búinn að kynna sér nöfn og útlit nokkurra trjáplantna og runna í umhverfinu.
- Fjalla um mismunandi tegundir gróðurs, þ.e. tré, runna, blóm og gras.
- Hver er munurinn á tré og runna?
- Eru öll tré eins?
- Eru þau græn allan ársins hring?
- Hvernig eru blóm á litinn?
- Er grasið alltaf grænt, eða er það mismunandi grænt?
- Oft eru líka blóm í grasinu t.d. fíflar, sóleyjar og smáralyng. Gott væri ef hóll eða tún á leikskólalóðinni væri ekki slegið yfir sumarið, til þess að sjá hvernig grasið vex yfir sumarið og hvaða tegundir blóma vaxa þar.
- Er gróður öðruvísi við sjóinn en inni í gördum?
- Hvernig væri umhverfið okkar ef ekki væri gróður? Myndum við ekki sakna græna litarins? Hvernig er gróðurinn á veturna?
- Ef um eldri börn er að ræða þá er hægt að hafa smá heimspekivinkil á umræðunni. Benda á að græni litur trjáanna sé í rauninni bara dulbúningur, því við sjáum réttu liti trjáanna á haustin þegar græni liturinn hverfur. Haustlitir trjáanna eru í raun þeir litir sem trén bera.
- Benda á mikilvægi þess að hugsa vel um gróðurinn okkar, því annars væri allt grátt.
- Hægt er að skoða heimasíðu Náttúruskóla Reykjavíkur til að fá fleiri hugmyndir: [www.natturuskoli.is](http://www.natturuskoli.is)



Mynd 124: Hvert sem litið er hafa verið gróðursettar ýmsar jurtir.

## Í vettvangsferð í Laugardals- og Langholtshverfi

- Fara t.d. grænu gönguleiðina.
- Í görðum og almenningsrýmum í Laugardals- og Langholtshverfi má finna margar tegundir af trjám og runnum.
- Skoða 3-4 mismunandi tegundir af trjám og 1-2 af runnum. Hugsanlega eru þessar tegundir líka á leikskólalóðinni. Taka eitt laufblað með til þess að bera saman við laufblöð af trjánum við leikskólann.
- Frá stætóstoppistöðinni er haldið út á Laugarnesið. Þar eru ekki mörg tré eins og inni í hverfinu. Hvar eru stærstu trén og af hverju eru þau þarna? Hefur náttúran sett þau þarna eða einhver maður? Hvaða aðrar plöntur er að finna þarna sem eru ekki inni í görðum hjá fólki?
- Það er líka gróður í sjónum. Hann kallast þari og þang og er mjög hollur. Stundum borðum við söl sem er úr sjónum.
- Frá Laugarnesinu er haldið að skolphreinsistöðinni og þaðan yfir að Íslandsbankahúsinu. Þar er eitt frekar lítið tré sem er mjög vindbarið. Af hverju er það svona? Ætli þetta sé góður staður fyrir tré?
- Svo er gengið að torginu á mótum Hrístateigs og Laugalæks. Það eru ekki mörg tré þar. Af hverju ekki?
- Þaðan er haldið áfram Laugalækinn og inn Bugðulækinn. Þar eru tré og runnar í görðunum. Af hverju vill fólk hafa svoleiðis í garðinum hjá sér? Sjáið þið einhvern garð sem er ekki með trjám eða runnum?
- Á milli Bugðulækjar og Laugarnesvegar eru tvö andrými þar sem eru leiktæki. Þar eru þröngir göngustígar inn á milli húsa sem leiða úr einu rými í annað. Í öðru rýminu er opinn leikvöllur og grashóll en í hinu er róluvöllur sem almenningur hefur aðgang að. Hægt er að velja annan hvorn staðinn til að leika og borða nesti áður en haldið er aftur í leikskólann.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Markmiðið er að börnin þekki muninn á tré og runna og læri nokkur nöfn á þeim t.d. birki, reynir, ösp, lerki og greni.
- Víða um hverfið eru svo aðrar tegundir t.d. rósarunnar sem blómstra fallega en stinga, klifurplöntur sem klifra upp eftir veggjum og margt fleira skrautlegt og skemmtilegt.
- Fjalla um það sem margir kalla illgresi – af hverju köllum við t.d. sóleyjar og fífla illgresi?



Mynd 125: Á leynistíg.

- Á einhverju svæði mætti t.d. velja eitt birkitré og fylgjast með því allan ársins hring, þ.e. sjá hvernig það breytist eftir árstíðum. T.d. væri hægt að taka af því mynd og bera saman við myndina sem tekin var síðast o.s.frv.
- Upplýsingar, fleiri hugmyndir og verkefni er að finna á síðunni [www.natturuskoli.is](http://www.natturuskoli.is)



Mynd 126: Konan með strokkinn.



Mynd 127: Móðurást.

# Verkefni tengd styttnum í Laugardals- og Langholtshverfi

## Undirbúningur

- Hvað eru styttnur og höggmyndir?
- Eru þær lifandi?
- Hver býr til styttnur og höggmyndir?
- Hvar sjáum við styttnur og höggmyndir?
- Ætli það sé gaman að vera stytta?
- Af hverju eru til höggmyndir og styttnur?
- Sýna myndir af styttnum. Fyrstu höggmyndirnar og stytturnar sem búnar voru til voru af guðum sem fólkið í gamla daga trúði á. Til eru margar myndir af styttnum af guðum Egypta, Rómverja, Grikkja og fleiri á google.
- Næstum því allar styttnur eru á stalli. Af hverju ætli það sé? Sumir stallarnir eru stórir, jafnvel stærri en styttnan sjálf.
- Ef stytta væri ekki á stalli, væri hún þá nokkuð stytta?

## Í vettvangsferð um Laugardals- og Langholtshverfi

- Appelsínugula leiðin valin. Á þeirri leið getið þið séð margar styttnur. Styðjist við umfjöllun um styttnur á leiðinni og umfjöllun um Ásmundarsafn, Þvottalaugarnar og Grasagarðinn.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Hver og einn velur sér styttnu og ljósmyndar hana frá ýmsum sjónarhornum.
- Hver og einn velur sér eina styttnu til að leira í leir í minni útgáfu og setur hana á stall.
- Teknar eru myndir af styttnunni frá fjórum sjónarhornum, ljósmyndirnar eru síðan prentaðar út og klipptar til og límðar á fernu eða klósettrúllu.
- Fara í styttnuleik og þykjast vera myndastyttnur.



Mynd 128: Ferðamenn.



Mynd 129: Verslunin Frú Lauga.



# Verkefni tengd mannlífinu í Laugardals- og Langholtshverfi

## Undirbúningur

- Hverjir eiga erindi í Laugardals- og Langholtshverfi?
- Eru það bara börn í leikskólum sem fara í ferðir í hverfið?
- Hvað er fólk að skoða í hverfinu?
- Hvernig fólk er í hverfinu?
- Er mikið af ferðamönnum þar? Af hverju?
- Hvar hittist fólk? Það hittist t.d. í Grasagarðinum, skólunum, kirkjunum, dvalarheimili fyrir aldraða, í sundi, á torginu við Hrístateig til að fá sér ís o.s.frv.

## Í vettvangsferð í Laugardals- og Langholtshverfi

- Farin er gula gönguleiðin.
- Gengið er framhjá mörgum stöðum þar sem fólk safnast saman, t.d. Áskirkju, Hrafnistu, Farfuglaheimilinu, Laugardalslaug og torginu á mótum Hrístateigs og Laugalæks.
- Hvar er mikið af fólki og hvar er lítið af fólki?
- Af hverju er mikið af fólki á sumum stöðum og ekki annarsstaðar?
- Hvar er fólk að tala saman?
- Hvað er að gerast á þeim stöðum þar sem mikið fólk er?
- Hagar fólk sér öðruvísi ef það er rigning úti en þegar það er sól og blíða?
- Hvernig eru ferðamenn klæddir?
- Hvernig er gamla fólk klætt?



Mynd 130: Steindur gluggi í Áskirkju.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Samræður um kjarna hverfanna og af hverju fólk safnast saman á ákveðnum stöðum. Hvaða erindi á það þangað?
- Er eitthvað öðruvísi við elliheimili heldur en verslunarmiðstöð eins og t.d. Kringluna? Hvernig er mannlífið öðruvísi á þessum stöðum?
- Af hverju voru bara ferðamenn við tjaldsvæðið? Hvert fara þeir?
- Af hverju vill fólk fara þangað sem það hittir aðra?
- Ef einhverjir hafa heimsótt miðbæinn, hver er þá munurinn á honum og Laugarneshverfi?



Mynd 131: Fögur form.



Mynd 132: Margir litir.

# Verkefni tengd byggingum í Laugardals- og Langholtshverfi

## Undirbúningur

- Ræða um hús og byggingar.
- Við eigum öll heima í mismunandi húsum.
- Á eitthvert ykkar heima á annarri, þriðju eða fjórðu hæð í húsi? Sumir eiga heima í blokk, aðrir í raðhúsi og einhverjir í einbýlishúsi.
- Hvernig hús er leikskólinn? Er leikskólinn á mörgum hæðum?
- Þau hús sem fólk á heima í, köllum við íbúðarhús. En þau hús sem fólk vinnur í, lærir í eða kaupir eitthvað í, köllum við stofnanir eða fyrirtæki. Skólar, bankar, sundlaugar og hótél eru allt fyrirtæki eða stofnanir vegna þess að fólk á ekki heima í þeim húsum.

## Í vettvangsferð í Laugardals- og Langholtshverfi


- Farin er græna gönguleiðin eða rauða gönguleiðin. Á báðum þessum leiðum má sjá margar tegundir húsa t.d. timburhús, steinhús, steypt hús og stál- og glerhús.
- Styðjist við umfjöllun um byggingar hér að framan.
- Fjalla um áferð húsanna, sum hús eru slétt, önnur gróf og enn önnur úr gleri.
- Sum hús eru eldri en önnur. Sum eru með munstri eða skærum litum, önnur eru grá og ómynstruð.
- Er líf í húsunum? Geta húsin lifnað við? Í hvaða húsi mynduð þið vilja búa?
- Getið þið fundið hús með grasi á þakinu?

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Rifja upp gönguferðina.
- Spyrið börnin hvaða húsum þau muna sérstaklega eftir úr ferðinni.
- Eftirminnilegustu húsin eru teiknuð á blað eða unnið með ljósmyndir af þeim.



Mynd 133: Hvar er sjóndeildarhringurinn?



Mynd 134: Sjóndeildarhringurinn og fjallahringurinn séðir frá Laugarnesi.

# Verkefni tengd sjóndeildarhringnum í Laugardals- og Langholtshverfi

## Undirbúningur

- Fjalla um sjóndeildarhringinn.
- Er það hringur eins og giftingarhringur?
- Hvar sjáum við sjóndeildarhringinn?
- Sjóndeildarhringurinn er þar sem himinn og jörð mætast, himinn og haf eða himinn og hús.
- Sýna myndir teknar af landslagi, í borginni og út yfir sjóinn. Fá börnin til þess að benda á sjóndeildarhringinn á myndunum.
- Öll börnin fá eina mynd, helst í venjulegri myndastærð, þar sem þau skoða og finna sjóndeildarhringinn á myndinni, þ.e. línuna sem myndast þar sem himinn snertir haf, jörð eða annað. Þau geta síðan teiknað sjóndeildarhringinn.
- Hvernig er sjóndeildarhringurinn á litinn og hvaða litir eru fyrir ofan og neðan sjóndeildarhringinn?

## Í vettvangsferð í Laugardals- og Langholtshverfi

- Fara t.d. bláu gönguleiðina. Byrja við strætóskýli við Kleppsveg.
- Frá Kleppsveginum er útsýni að Holtagörðum og að Kleppi og gámasvæði Eimskips. Þar er tilvalið að stoppa og velta fyrir sér sjóndeildarhringnum. Sjáum við hann héðan? Hvert þurfum við að fara til að sjá meira? Hvort förum við upp eða niður til að komast að Kleppshæðinni? Taka myndir eða „hugarmyndir“.
- Þegar komið er yfir Sæbrautina liggur leiðin í gegnum svæði sem er aflokað með trjám. Þar lokast fyrir útsýni að sjóndeildarhringnum og yfirsýnin er ekki eins góð, þ.e. sjóndeildarhringurinn þregist.
- Þaðan liggur göngustígurinn upp hæðina þar til komið er að merktum útsýnisstað. Þar er útsýnisskífa sem sýnir allan sjóndeildarhringinn. Hvernig hefur sjóndeildarhringurinn breyst á leiðinni?



Mynd 135: Blokkirnar við Austurbrún ber við sjóndeildarhringinn.



- Takið eftir því hvaða litir eru í fjöllum og himninum. Hvernig er liturinn á sjóndeildarhringnum sjálfum?
- Þegar gengið er niður hæðina aftur er sniðugt að minna börnin á að sjóndeildarhringurinn fer minnkandi þar til komið er niður í dældina vestan megin við Sægarða. Svo fer hann stækkandi eftir því sem farið er upp aftur í átt að Sæbraut og Kleppsvegi.
- Þegar komið er að Kleppsvegi er tilvalið að líta til baka að Kleppsspítalahæðinni og rifja upp að þar vorum við áðan.
- Eftir ferðina er hægt að fara bak við blokkirnar. Þar er leikvöllur og tilvalið að borða nesti áður en haldið er aftur í leikskólann.
- Í stað bláu leiðarinnar er einnig tilvalið að fara grænu gönguleiðina út á Laugarnesið. Þar er líka útsýnisskífa og gott útsýni yfir Faxaflóa.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Börnin fá útprentaðar myndir af „sínur“ sjóndeildarhring og fá að teikna sinn sjóndeildarhring á myndirnar. Ef „hugarmyndir“ eru notaðar fá þau að teikna hana á blað.
- Seinna í öðrum gönguferðum og verkefnum er gott að spyrja börnin hvort þau muni eftir sjóndeildarhringnum og hvort þau geti fundið hann núna?
- Rifja upp hvaða litir voru ofan og neðan við sjóndeildarhringinn. Hvernig er liturinn á sjóndeildarhringnum sjálfum? Velta fyrir sér hvernig sjóndeildarhringurinn breyttist eftir því sem hærra var farið.
- Horfa á sjóndeildarhringinn í gegnum mismunandi litaðar glærur.
- Hafa með nokkra tóma myndaramma og horfa í gegnum þá og ramma inn landslagið og sjóndeildarhringinn.
- Einnig gæti verið sniðugt að skoða sjóndeildarhringinn frá hólum eða kastalanum á leikskólalóðinni og sjá hvort hann er ekki öðruvísi þar en hann var í ferðinni.



Mynd 136: Miklar líkur eru á því að hitta kött í gönguferð.



Mynd 137: Margir fuglar eiga athvarf í Grasagarðinum.

# Verkefni tengd dýralífinu í Laugardals- og Langholtshverfi

## Undirbúningur

- Fjalla um dýralífið í borginni. Hvaða dýr hafa börnin séð í umhverfinu í kring?
- Fjalla um köttinn og spyrja hvað það er sem kettir veiða.
- Fuglarnir og skordýrin verða aðalumfjöllunarefnið og best er að vera með myndir þegar fjallað er um þau.
- Tala um eggin og hvernig fuglar verða til. Tala um egg skordýra og lirfur og hvernig þau breytast t. d. í fiðrildi.
- Fuglar halda hita á eggjum sínum með því að liggja á þeim þar til ungarir skriða úr eggjunum en skordýr verpa eggjum sínum á hlýjan og rakan stað þar sem þau klekjast út sjálf.
- Fuglarnir verða að passa upp á litlu ungana sína því kettir og aðrir stærri fuglar vilja éta litlu ungana. En hver passar upp á egg skordýrana? Vill einhver éta þau?

## Í vettvangsferð um Laugardals- og Langholtshverfi

- Velja t.d. fjólubláu gönguleiðina.
- Gengið gegnum svæðið á milli Miklubrautar og gömlu Suðurlandsbrautar. Þar eru oft gæsir á vappi að éta gras.
- Gengið í gegnum svæði sem leikskólinn Steinahlíð er með í sinni vörslu. Þetta er skóglent svæði í miðri borg og kjörlendi margra fugla og skordýra.
- Skoða fjaðrir af fuglum ef einhverjar finnast í ferðinni og skoða skítinn úr fuglum sem við sjáum. Hvernig er hann á litinn? Af hverju ætli hann sé þannig á litinn? Hvað borða fuglar? Ætlið þið sjáið einhver hreiður í trjákrónunum?
- Tilvalið er að taka smá stund og hafa alveg hljóð og hlusta á fuglana.
- Ef farið er að vori til er hægt að hlusta eftir hvort þið heyrið tíst í ungum.
- Oft eru egg skordýra undir dauðum trjábolum eða steinum. Kíkið og sjáið hvort þið finnið ekki orma og lirfur.



Mynd 138: Stiklur við Þvottalaugarnar.

- Svo er gengið inn í íbúðahverfi. Þar eru tré og runnar við göturnar. Getið þið fundið skordýr á runnunum?
- Tilvalið er að koma við á bókasafninu og skoða myndir af fuglum og skordýrum.
- Það er hægt að leika sér og borða nesti við Langholtsskóla.
- Halda svo áfram að leita að dýrum og ræða um dýr á leiðinni aftur að leikskólanum.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Rifja upp hvað sáust margar tegundir af fuglum og skordýrum í ferðinni.
- Gott er að nota myndir af dýrunum og tala um einkenni þeirra eða finna til fugla- og skordýrabækur í leikskólanum eða á bókasafninu.
- Hver og einn velur sér tegund af dýri til þess að teikna.
- Einnig getur verið gaman að syngja saman lag með handahreyfingum um fuglana. Sjá t.d. [http://bornogtonlist.net/index.php?title=Fuglarnir\\_tveir](http://bornogtonlist.net/index.php?title=Fuglarnir_tveir) Einnig eru til söngvar um ketti, mýs og tófur.
- Eins og í fleiri verkefnum þá er tilvalið að leyfa börnunum að taka myndir af fuglum og vinna með þær t.d. að klippa myndirnar út og gera skuggaleikhús.
- Hægt er að skoða hvort einhver skordýr séu á leikskólalóðinni með því að lyfta steinum og grafa í mold.
- Yfir vetrartímann er verðugt og skemmtilegt verkefni að koma upp fuglafóðrun á leikskólalóðinni eða í nágrenni við hana. Hægt er að dreifa korni á snjóinn eða á fóðurbretti eða hengja upp epli eða fóðurkúlunet í trén. Sjá leiðbeiningarbækling um fóðurgjöf fugla frá Fuglavernd sem kostar 500 kr. <http://www.fuglavernd.is/index.php/forsidalisti> garefuglabaeklingur.



Mynd 139: Torfhús.



Mynd 140: Kalt stál.

# Verkefni tengd yfirborðsefnum í Laugardals- og Langholtshverfi

Í stærðfræði er yfirborð eitthvað sem afmarkar hlutinn frá öðrum hlutum og umhverfinu. Þetta á ekki bara við um gólf eða vegg heldur alla hluti, mat, vökva og annað. Í þessu verkefni ætlum við þó að einbeita okkur að yfirborði sem við göngum, hjólum og keyrum á og yfirborði bygginga.

## Undirbúningur

- Ræða við börnin um hvað er yfirborð. Það er til mismunandi yfirborð t.d. gangstéttarhellur, gras, malbik, steypa, mold og mül.
- Skoða hvaða yfirborðsefni eru á leikskólanum. Er meira af mül heldur en grasi? Hvað er mest af í leikskólanum?
- Hvernig er yfirborðið á leikskólahúsinu? Þreifa á yfirborðinu. Hver er munurinn á veggjunum og gluggunum? Getið þið fundið muninn með lokuð augun?

## Í vettvangsferð um Laugardals- og Langholtshverfi

- Farin er fjólubláa gönguleiðin.
- Við leikskólann Steinahlíð er mikið um náttúruleg yfirborðsefni. Gras, grjót, mold og tré eru ríkjandi.
- Þegar gengið er inn í Eikjuvoginn breytist umhverfið og steypa og malbik verða meira áberandi. Þó er gras og mold inni í görðunum.
- Í andrými milli Barðavogs og Langholtsvegjar breytist yfirborðið aftur og gras og mül taka við.
- Reynið að finna mismunandi yfirborðsefni á leiðinni og takið myndir. T.d. af malbiki, steypu, grasi, mold, hellum, mül (grófri og fínni), gleri, graníti, náttúrusteini, klöppum víði og gúmmí.
- Yfirborð húsa er líka mjög mismunandi. Sum hús eru múruð að utan og máluð í allskonar litum. Sum eru með timburklæðningu, sum með steini eða flísum og sum eru með pínulitlum steinum.



Mynd 141: Leiksvæði við Laugarneskirkju.



Mynd 142: Göngustígur inn í andrými við Bugðulæk.



- Gangið áfram og kannið yfirborðið á leiðinni.
- Á hvers konar yfirborði er líf? Á hvaða yfirborði finnst dýrunum best að vera?
- Þegar komið er að Langholtskirkju kemur nýtt efni í ljós sem er ekki algengt. Það er granít í hellum og bekkjum fyrir framan aðalinnganginn. Granít er bergtegund sem finnst aðeins á einum stað á Íslandi og er því mjög sjaldgæft. Við sjáum granít einnig í kirkjugörðum.
- Síðan er gengið að Langholtsskóla. Þar er hægt að koma auga á ýmis yfirborðsefni, bæði utan á húsinu og á lóðinni, t.d. öryggismöl, klappir, viðarborð á bekkjum og gúmmí sem er búið til úr gömlum bíldekkjum.
- Þar er tilvalið að borða nesti og leika sér.
- Haldið er áfram í gegnum Brákarsund þar sem kennir ýmissra grasa, m.a. má sjá borna steypu og grashellur. Af hverju brotnar steypan svona?
- Haldið er að Sæbraut þar sem ferðin endar og haldið er aftur til baka á leikskólann.

## Úrvinnsla eftir ferðina

- Ræða við börnin um það sem fyrir augu bar í ferðinni. Rifja upp öll þau fjölmörgu yfirborðsefni sem til eru.
- Ræða við þau um hvaða yfirborðsefni þeim finnst ætti að nota í leikskólanum. Hvaða yfirborðsefni er mýkst og hvað er harðast? Hvaða yfirborðsefni ætli sé best fyrir dýrin og af hverju?
- Hvað kemur fyrir vatnið þegar það lendir á steypu? En á hellulögn? Eða grasi?



